

# Verðbréfalýsing

## SEL I hs.



**1. nóvember 2024**

*First North Iceland Fixed Income („First North“) er markaðstorg fjármálagerninga fyrir skuldabréf sem rekið er af Nasdaq Iceland hf. („Nasdaq kauphöllin“), sem er kauphöll innan Nasdaq samstæðunnar. Útgefendur skuldabréfa sem eru skráð á First North Iceland Fixed Income markaðinn lúta ekki sama regluverki og útgefendur skuldabréfa á skipulegum verðbréfamarkaði. Regluverkið sem um þá gildir er ekki jafn ítarlegt og hefur verið aðlagð að þeim kröfum sem gerðar eru til útgefenda fjármálagerninga sem skráðir hafa verið á markaðstorg fjármálagerninga. Áhættan sem felst í fjárfestingu í skuldabréfum sem skráð eru á First North Iceland Fixed Income kann því að vera meiri heldur en ef fjárfest er í skuldabréfum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði. Skráningin er háð samþykki Kauphallarinnar.*

Umsjónaraðili með gerð lýsingar

Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hf.



## Efnisyfirlit

<b>1. Áhættuþættir .....</b>	<b>4</b>
1.1 Almenn áhætta skuldabréfa.....	5
1.2 Áhætta tengd skuldabréfum.....	5
1.2.1 Lausafjáraáhætta .....	5
1.2.2 Mótaðilaáhætta .....	6
1.2.3 Markaðsáhætta .....	7
1.2.4 Vaxtaáhætta.....	7
1.2.5 Áhætta tengd afleiðum.....	8
1.2.6 Seljanleikaáhætta.....	8
1.2.7 Áhætta við gjaldþrot .....	8
1.2.8 Áhætta vegna skilmálabreytinga.....	9
1.2.9 Lagaleg áhætta og ágreiningsmál.....	9
1.2.10 Uppgjörsáhætta.....	10
<b>2. Hlutdeildarskírteini .....</b>	<b>11</b>
<b>3. Skuldabréfin.....</b>	<b>12</b>
3.1 Fyrirkomulag útgáfu skuldabréfsins.....	12
3.2 Skilmálar og aðrar upplýsingar um skuldabréfin .....	12
3.3 Greiðsla á gjalddaga .....	15
3.4 Forgangsröðun skuldabréfanna .....	17
3.5 Heimild til skuldabréfaútgáfu .....	17
3.6 Lög sem gilda um skuldabréfin.....	17
3.7 Tryggingar .....	18
3.8 Ábyrgð á greiðslu útgáfu .....	19
3.9 Rekstraraðili útgefanda .....	19
3.10 Rafræn skráning og framsal.....	19
3.11 Tilgangur útgáfu skuldabréfaflokksins .....	20
3.12 Taka skuldabréfanna til viðskipta á First North markaði Nasdaq Iceland.....	20
3.13 Kostnaður vegna tóku til viðskipta.....	20
3.14 Afskráning.....	20
3.15 Skattamál.....	20
3.16 Undirliggjandi eignir .....	21
3.17 Uppbygging og sjóðstreymi.....	21
3.18 Upplýsingar um viðskiptin að útgáfu lokinni.....	23
<b>4. Upplýsingar um mótaðila útgefanda í fjárfestingum .....</b>	<b>24</b>

4.1 Almennar upplýsingar um mótaðila útgefanda í fjárfestingum .....	24
4.1.1 Arion banki hf. ....	24
4.1.2 Lagalegt umhverfi mótaðila .....	25
4.1.3 Tengsl milli útgefanda og mótaðila .....	26
4.1.4 J.P. Morgan SE .....	27
4.2 Helstu skilmálar í tengslum við skuldbindingar við mótaðila .....	28
4.2.1 Almenn skuldabréf útgefin af Arion banka hf. ....	28
4.2.2 Afleiðusamningur .....	30
<b>5. Tilkynning til fjárfesta.....</b>	<b>32</b>
5.1 Skjöl til sýnis, skjöl felld inn með tilvísun og aðgangur að lýsingu .....	33
5.2 Umsjónaraðili útgáfunnar og töku skuldabréfanna til viðskipta.....	35
5.3 Hugsanlegir hagsmunaárekstrar.....	36
5.4 Upplýsingar frá þriðja aðila.....	36
5.5 Yfirlýsing ábyrgðaraðila verðbréfalýsingar fyrir hönd útgefanda .....	37
5.6 Skilgreiningar .....	38
5.7 Skammstafanir og hugtök.....	40

## 1. Áhættuþættir

SEL I hs., kt. 660424-9970, Borgartúni 19, 105 Reykjavík (hér eftir „SEL I“, „útgefandi“ eða „sjóðurinn“) er hlutdeildarsjóður skv. IX. kafla laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða (hér eftir „lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða“). Stefnir hf. kt. 700996-2479, Borgartúni 19, 105 Reykjavík (hér eftir „Stefnir“ eða „rekstraraðili“) er rekstraraðili sjóðsins samkvæmt nefndum lögum.

Markmið útgefanda er að skila góðri arðsemi og tryggja að hann geti mætt greiðsluflæði vegna skuldabréfa sem hann gefur út. Sjóðurinn hefur rúmar fjárfestingarheimildir til fjárfestinga í öllum fjármálagerningum, sé það gert í þeim tilgangi að mæta og tryggja greiðsluflæði vegna skuldabréfa sem sjóðurinn gefur út. Fjárfestingarheimildir sjóðsins takmarkast við ákvæði laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, að frátöldum takmörkunum í X. kafla laganna er fjalla um sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta. Fjárfestingastefna sjóðsins er takmörkuð við skuldabréf útgefin af innlendri fjármálastofnun, afleiður tengdar við hlutabréfavísitölur jafnt innan sem utan skipulegra verðbréfamarkaða og innlán, peningamarkaðsgerninga og skammtímasjóði til lausafjárstyringar. SEL I fjármagnar fjárfestingar sjóðsins með útgáfu skuldabréfa og hlutdeildarskírteina.

Fjárfesting í skuldabréfum útgefanda felur í sér áhættu. Verðmæti skuldabréfanna getur hækkað eða lækkað. Fjárfestar geta tapað verðmæti allrar fjárfestingar sinnar í skuldabréfum eða eftir atvikum hluta hennar. Til að gera sér grein fyrir þeirri áhættu sem felst í því að fjárfesta í skuldabréfum útgefnum af útgefanda eru fjárfestar hvattir til að kynna sér vel skilmála skuldabréfanna, áhættuþætti sem lýst er hér á eftir, fjárfestingarstefnu og upplýsingum um eignir útgefandans, áður en ákvörðun um fjárfestingu í skuldabréfum er tekin.

Áhættuþættirnir, sem lýst er hér á eftir, eru þeir áhættuþættir sem útgefanda er kunnugt um og sem að mati útgefanda skipta máli varðandi skuldabréfin, svo meta megi áhættuna sem tengist þeim. Þessi kafli ásamt kafla 1 „Áhættuþættir“ í útgefandalýsingu SEL I, dagsettri 1. nóvember 2024, innihalda eftir bestu vitund útgefanda þá áhættuþætti sem máli kunna að skipta við mat á áhættu af fjárfestingu í skuldabréfunum. Áhættuþættirnir eru settir fram á þann hátt að fyrst eru taldir upp þeir áhættuþættir sem eru alvarlegastir að mati útgefanda, að teknu tilliti til neikvæðra áhrifa á útgefandann og verðbréfin og líkanna á að þeir raungerist. Útgefandi getur ekki spáð fyrir um líkur þess hvort eða hvenær þeir áhættuþættir sem hér er fjallað um muni hafa áhrif á starfsemi útgefanda eða verð skuldabréfa útgefin af útgefanda. Þá er ekki hægt að meta fjárhagsleg áhrif einstakra áhættuþátta.

Afmörkun á áhættuþáttum getur verið með ýmsu móti og þá má flokka með mismunandi aðferðum. Hér er eftir fremsta megni reynt að kortleggja þekkta áhættuþætti sem áhrif hafa á skuldabréfin og afmarka þá þannig að skörun þeirra sé sem minnst. Áhrifa fleiri en eins áhættuþáttar getur gætt samtímis. Áhrifin felast stundum í einum tímabundnum atburði en í öðrum tilvikum er um langvinn áhrif að ræða. Flestir áhættuþættirnir geta komið fram í litlum eða ríkum mæli, áhrif þeirra eru oft á tíðum ekki einhlít og innbyrðis tengsl flókin. Ekki er hægt að setja fram með neinni vissu líkur á því hvort einstakur áhættuþáttur geti haft keðjuverkandi áhrif og hrindi af stað fleiri áhættuþáttum. Hafa þarf í huga að ómögulegt getur reynst að spá fyrir um hversu mikil áhrif áhættuþátta verða og að áhrifin geta komið fram hvenær sem er á líftíma verðbréfanna. Ekki er því mögulegt að meta töluleg áhrif einstakra áhættuþátta á skuldabréfin.

Ekki er víst að hér sé fjallað um alla áhættuþætti sem gætu haft áhrif á skuldabréfin í framtíðinni, því áhættuþættir sem álitnir eru óverulegir í dag gætu þróast á þann veg að þeir hafi veruleg áhrif

síðar. Eins gætu komið fram nýir áhættuþættir í framtíðinni sem ekki eru þekktir í dag. Sá möguleiki er því fyrir hendi að útgefandi geti ekki staðið við skuldbindingar sínar vegna annarra þátta en þeirra sem hér eru taldir upp og teljast því ekki til áhættu.

## 1.1 Almenn áhætta skuldabréfa

Fjárfesting í skuldabréfum felur í sér áhættu. Eigendur skuldabréfa geta tapað verðmæti fjárfestingar sinnar í skuldabréfum í heild eða að hluta.

Skuldabréf bera markaðsáhættu sem felst í því að virði þeirra getur sveiflast ef ávöxtunarkrafa skuldabréfa sveiflast almennt á mörkuðum. Ef ávöxtunarkrafa hækkar þá lækkar virði skuldabréfanna og ef ávöxtunarkrafa lækkar þá eykst virði skuldabréfanna. Margvíslegir atburðir geta valdið verðbreytingum á mörkuðum með fjármálagerninga og haft áhrif á virði skuldabréfa, s.s. almennt efnahagsástand, breytingar á lögum og reglum á fjármálamarkaði og ófyrirséðir atburðir. Slíkir atburðir eru utan áhrifasviðs útgefanda. Fjármálamarkaðir eru háðir því rekstrarumhverfi sem stjórnvöld skapa þeim á hverjum tíma. Breytingar á lögum og reglum sem gilda um fjármálamarkaði kunna að skapa óróa á mörkuðum og valda verðbreytingum á verðbréfum, þ.m.t. á skuldabréfum.

Auk markaðsáhættu felur fjárfesting í skuldabréfum í sér seljanleika- og mótaðilaáhættu. Seljanleikaáhætta er hættan á því að ekki sé hægt að selja eign á verði sem næst áætluðu raunvirði og mótaðilaáhætta felst í hættunni á því að mótaðili í samningi efni ekki samning þegar að uppgjöri kemur.

Aðrir áhættuþættir fylgja einnig fjárfestingu í skuldabréfum sem tengjast skilmálum og réttindum skuldabréfaútgefanda s.s. vegna vanefndartilvika, veðtrygginga og stöðu skuldabréfafjárfesta gagnvart öðrum skuldbindingum útgefanda.

Enga tryggingu er hægt að veita fyrir því að fjárfesting í skuldabréfum reynist arðsöm og sérstaklega ekki skuldabréf útgefin af tilteknum útgefanda. Fjárfestum er því bent á að dreifa áhættu sinni og leita sér viðeigandi fjárfestingarráðgjafar. Til viðbótar við upplýsingar í verðbréfalýsingu þessari eru fjárfestar eru einnig hvattir til að kynna sér vel starfsemi útgefanda og áhættuþætti tengda útgefanda sem er lýst í útgefandalýsingu SEL I dagsettri 1. nóvember 2024, áður en ákvörðun er tekin um að fjárfesta í skuldabréfum sem tilheyra skuldabréfaflokknum SEL1 27 12.

## 1.2 Áhætta tengd skuldabréfum

### 1.2.1 Lausafjárahætta

Lausafjárahætta felst í því að útgefandi eigi ekki nægt laust fé til þess að mæta skuldbindingum sínum samkvæmt skuldabréfunum á gjalddaga. Með skuldabréfunum skuldbindur útgefandinn sig til að greiða þau á gjalddaga.

Útgefandi getur lent í þeirri stöðu að eiga ekki nægilegt lausafé til að mæta skuldbindingum sínum þegar þær falla á gjalddaga. Sjóðurinn ber einn ábyrgð á skuldbindingum sínum og eignum sjóðsins er ætlað að standa undir greiðslu skuldbindinga sjóðsins. Greiðslugeta sjóðsins og þar með lausafjárahætta er því að miklu leyti háð endurgreiðslugetu mótaðila útgefanda í þeim fjármálagerningum sem sjóðurinn fjárfestir í, sbr. kafla 1.2.2 „Mótaðilaáhætta“. Ef greiðslur til útgefanda eru ekki inntar af hendi á réttum tíma eða þær tapast að hluta eða öllu leyti mun það hafa neikvæð áhrif á getu hans til þess að standa við skuldbindingar sínar skv. skuldabréfum

útgefanda.

Greiðslugetan er einnig háð þróun á eignavirði fjármálagerninga í eigu útgefanda en lækkun á eignavirði þeirra fjármálagerninga sem sjóðurinn fjárfestir í getur haft neikvæð áhrif á greiðslugetu sjóðsins.

Samkvæmt reglum útgefanda skal hann fjárfesta með það að markmiði að tryggja að hann geti mætt greiðsluflæði vegna skuldabréfa og annarra fjármálagerninga sem sjóðurinn gefur út og hlutföll fjárfestinga sjóðsins skal miða út frá að mæta og tryggja greiðsluflæði skuldbindinga sjóðsins. Þrátt fyrir þetta markmið er ekki hægt að fullyrða að greiðsluflæði útgefanda muni standa undir skuldbindingum hans.

Eignir sjóðsins við útgáfu verðbréfalýsingarinnar eru skuldabréf, afleiða og innstæður í bandaríkjadollar og fjallað er um eignirnar í kafla 4.2 „Helstu skilmálar í tengslum við skuldbindingar við mótaðila“ og eru fjárfestar hvattir til að kynna sér eignirnar og mótaðilann. Jafnframt er fjallað um sjóðsstreymi í kafla 3.17 „

Uppbygging og sjóðstreymi“.

Hvorki rekstraraðili, vörsluaðili né viðskiptabanki sjóðsins bera ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins.

### **1.2.2 Mótaðilaáhætta**

Mótaðilaáhætta fjárfesta vegna skuldabréfanna er m.a. sú að útgefandi standi ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum skuldabréfanna. Útgefandi skuldbindur sig til að endurgreiða skuldabréfin á gjalddaga með eignum sjóðsins. Standi mótaðilar útgefanda hins vegar ekki við skuldbindingar sínar hefur það áhrif á getu útgefanda til að standa skil á greiðslum til fjárfesta skv. skilmálum skuldabréfanna enda er eignum útgefanda ætlað að mæta greiðsluflæði skuldabréfanna.

Arion banki hf. (hér eftir „Arion banki“ eða „bankinn“) er langstærsti mótaðili sjóðsins sem útgefandi almennra skuldabréfa í eigu sjóðsins í flokki ARION 27 1217 með útgáfumynt í bandaríkjadollar (65,16% af heildareignum þann 30.9.2024). Nánar er fjallað um skilmála skuldabréfsins í kafla 4.2.1. „Almenn skuldabréf útgefin af Arion banka hf.“.

Arion banki er jafnframt mótaðili sjóðsins vegna samnings milli bankans og sjóðsins um kaup bankans á OTC-valrétti (einnig „afleiða“) af J.P. Morgan SE (hér eftir einnig „JPM“) fyrir hönd og í samræmi við fyrirmæli sjóðsins (33,54% af heildareignum þann 30.9.2024) þar sem viðmiðunareign er MSCI World Index. Af samningi milli bankans og sjóðsins annars vegar og samningi milli bankans og JPM hins vegar leiðir að til staðar er óbein mótaðilaáhætta sjóðsins gagnvart JPM vegna þess að sjóðurinn ber alla áhættu á því ef JPM stendur ekki skil á greiðslu til bankans vegna afleiðunnar á uppgjörsegi. Komi til vanefnda JPM hefur Arion banki skuldbundið sig til að ganga á eftir greiðslum JPM og leitast við að tryggja að sjóðurinn verði eins settur og hann væri sjálfur mótaðili JPM samkvæmt afleiðusamningnum. Nánar er fjallað um inntak framangreindra samninga í kafla 4.2.2. „Afleiðusamningur“ og nánar er fjallað um JPM í kafla 4.1.4 J.P. Morgan SE“.

Sjóðurinn á jafnframt innstæður hjá Arion banka (1,30% af heildareignum þann 30.9.2024).

Upplýsingar um mótaðila sjóðsins er fjallað um í samræmi við viðauka 19 við reglugerð

framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/980 er varða eignavarin verðbréf í verðbréfalýsingu þessari. Um áhættuþætti er varða Arion banka er vísað til kaflans „Risk factors“ á bls. 16-56 í EMTN skuldabréfalýsingu Arion banka, dagsettri 16. október 2023, með síðari breytingum þann 2. maí 2024 og 19. ágúst 2024 og eins og hún er á hverjum tíma. EMTN skuldabréfalýsingin er felld inn í lýsingu þessa með tilvísun sbr. kafli 5.1 „Skjöl til sýnis, skjöl felld inn með tilvísun og aðgangur að lýsingu“. Um áhættuþætti er varða JPM er vísað til kaflans „Risk factors“ á bls. 3-11 í almennu útgefandalýsingu (e. registration document) J.P. Morgan SE, dagsettri 31. maí 2024, með síðari breytingum (hér eftir „Almenna útgefandalýsingin“). Almenna útgefandalýsingin er felld inn í lýsingu þessa með tilvísun sbr. kafli 5.1 „Skjöl til sýnis, skjöl felld inn með tilvísun og aðgangur að lýsingu“.

Mótaðilaáhætta fjárfesta getur einnig falist í því að greiðsla í greiðslukerfi sé ekki gerð upp með þeim hætti sem vænst er og valdi því að mótaðili greiðir ekki eða afhendir ekki greiðslu á réttum tíma. Fyrrgreint getur haft neikvæð áhrif á getu útgefanda til að standa í skilum á sínum skuldbindingum.

### 1.2.3 Markaðsáhætta

Markaðsáhætta skuldabréfanna felur í sér þá áhættu að virði fjármálagerningum sveiflist almennt séð á markaði. Virði skuldabréfanna getur sveiflast ef ávöxtunarkrafa skuldabréfa sveiflast almennt á mörkuðum, en ef ávöxtunarkrafa hækkar þá lækkar virði bréfanna og á hinn bóginn ef ávöxtunarkrafa lækkar þá eykst virði bréfanna.

Margvísleg atriði geta valdið verðbreytingum á fjármálagerningum þ.m.t skuldabréfum útgefanda, s.s. almennt efnahagsástand, breytingar á lögum og reglum fjármálamarkaða, skattalöggjöf og aðrir ófyrirséðir atburðir.

Virði skuldabréfanna endurspeglast af virði þeirra eigna sem útgefandi á og felur það í sér þá sértæka áhættu að ef virði eigna útgefanda rýrnar getur virði skuldabréfanna einnig rýrnað.

### 1.2.4 Vaxtaáhætta

Útgefandi hefur heimild samkvæmt fjárfestingarstefnu að fjárfesta í skuldabréfum útgefnum af innlendri fjármálastofnunum.

65,16% af heildareignum útgefanda þann 30.9.2024 eru almenn skuldabréf útgefin af Arion banka hf. gefin út undir EMTN útgáfuramma í flokknum ARION 27 1217 með útgáfumynt í bandaríkjadollar. Skuldabréfið ber fasta óverðtryggða 6,25% vexti sem leggjast á höfuðstól bréfsins og hækka þar með höfuðstólsfjárhæð bréfsins á eftirfarandi dagsetningum 17. maí 2025, 17. maí 2026, 17. maí 2027. Vextir sem leggjast á bréfið frá 17. maí 2025 fram að loka gjalddaga greiðast á lokagjalddaga. Lokagjalddagi flokksins ARION 27 1217 er 22. desember 2027. Markaðsvirði flokksins er því að miklu leyti háð því hvert vaxtastig USD er.

Vaxtaáhætta er fólgin í því að vextir á eignum og skuldum breytast ekki á sama tíma. Gengishreyfingar, verðbólga og verðbólguvæntingar kunna að hafa áhrif á vaxtastig og þar með á fjármagnsliði útgefanda. Óvissa um framtíðarþróun vaxtastigs hefur í för með sér áhættu. Sú staða getur þó myndast að ávöxtun félagsins verði hærri eða lægri en markmið þess segja til um en það fer allt eftir markaðsaðstæðum hverju sinni.

Áætlað er að eign sjóðsins í skuldabréfum útgefin af Arion banka hf. í flokki ARION 27 1217 standi undir 85% af höfuðstól SEL1 27 12 á lokagjalddaga.

### 1.2.5 Áhætta tengd afleiðum

Útgefandi hefur heimild samkvæmt fjárfestingarstefnu að fjárfesta í afleiðum tengdum við hlutabréfavísitölu jafnt innan sem utan skipulegra verðbréfamarkaða en 33,54% af heildareignum útgefanda þann 30.9.2024 er afleiða. Sjóðurinn á afleiðu tengda vísitölnnar MSCI World Index (Bloomberg auðkenni: MXWO). Hlutfall eigna sjóðsins tengdum afleiðum sveiflast í takt við verðbreytingar undirliggjandi eigna.

Virði eigna útgefanda í afleiðum tengdum við hlutabréfavísitölu á MSCI World Index hlutabréfamarkaði er háð gengisþróun hlutabréfavísitölnnar og mun þróun hennar því hafa áhrif til hækkunar eða lækkunar á virði þeirra eigna útgefanda sem tengdar eru við vísitöluna og getur jafnvel leitt til þess að virði afleiðunnar verði að engu.

Endurgreiðsla SEL1 27 12 er að hluta háð gengi MSCI World Index vísitölnnar eins og fram kemur í skilmálum skuldabréfanna eins og þeim er nánar lýst í kafla 3.2 „Skilmálar og aðrar upplýsingar um skuldabréfin“ í verðbréfalýsingu þessari. Jafnframt er að finna skýringardæmi um hvaða greiðslur munu eiga sér stað á gjalddaga afleiðusamningsins í samræmi við skilmála afleiðusamningsins í kafla 3.3. „Greiðsla á gjalddaga“ og eru þar settar fram sviðsmyndir hvernig uppgjör afleiðusamningsins mun hafa áhrif á endurgreiðslu skuldabréfsins. Þar kemur m.a. fram að ef gildi MSCI World Index hlutabréfavísitölnnar, reiknað út frá meðaltali fjögurra dagslokagilda vísitölnnar þann 17. september 2027, 15. október 2027, 19. nóvember 2027 og 17. desember 2027, er hærra en það var við lokun markaða þann 10. maí 2024 mun sjóðurinn fá greitt í samræmi við efni afleiðusamningsins. Ef framangreint meðaltal vísitölnnar er lægra en það var við lokun markaða þann 10. maí 2024 verður greiðsla skv. afleiðusamningnum engin.

### 1.2.6 Seljanleikaáhætta

Seljanleikaáhætta felur í sér þá áhættu að ekki reynist unnt að selja skuldabréf þegar vilji stendur til. Áhættan birtist bæði með þeim hætti að markaðurinn geti ekki tekið við því magni sem til stendur að selja þar sem kaupendur vantar, en einnig er verðmyndun oft með þeim hætti að verulegur munur er á kaup- og sölugengi og því næst ekki sá árangur við sölu sem vænst hafði verið. Sú áhætta er fyrir hendi að fjárfestar geti ekki selt skuldabréfin á því verði eða í því magni sem þeir vilja.

Þrátt fyrir að sótt hafi verið um töku skuldabréfanna til viðskipta á First North markaði NASDAQ Iceland er ekki hægt að ábyrgjast skilvirkan markað með skuldabréfin við töku þeirra til viðskipta eða að slíkur markaður myndist í framtíðinn. Þá hvílir engin skylda á útgefanda til að viðhalda slíkum skilvirkum markaði. Ekki hefur verið samið um viðskiptavakt með skuldabréfin og er viðskiptavakt ekki fyrirhuguð fyrir tilstuðlan útgefandans.

### 1.2.7 Áhætta við gjaldþrot

Skuldabréfaflokkurinn fellur á gjalddaga einhliða og fyrirvaralaust ef fjárnám er gert hjá útgefanda, komi fram ósk um gjaldþrotaskipti á búi útgefanda, ef útgefandi leitar nauðasamninga eða eignir útgefanda eru auglýstar á nauðungaruppboði. Útgefandi getur þó haldið uppi eðlilegum vörnum ef krafa á sér ekki eðlileg rök. Verði skuldabréfaflokkurinn gjaldfelldur vegna vanskila má jafnframt gera aðför hjá útgefanda til fullnustu skuldarinnar, án undangengins dóms eða réttarsáttar skv. 7. tl. 1.gr. laga nr. 90/1989 um aðför, að undangenginni greiðsluáskorun skv. 7 gr. laganna. Auk þess að ná til höfuðstól skuldarinnar nær aðfaraheimildin þar að auki til vaxta, verðbóta, dráttarvaxta, auk alls kostnaðar af innheimtuaðgerðum, sbr. 2. mgr., 1.gr. laga nr. 90/1989.



Samkvæmt skilmálum skuldabréfanna fela skuldabréfin ekki í sér bein veð en ábyrgð á greiðslu skuldbindinga sjóðsins er fólgin í þeim eignum sem sjóðurinn á hverju sinni og skal greiðslum ráðstafað í samræmi við 3. og 4. mgr. 9. gr. reglna sjóðsins eins og þeim er lýst í kafla 3.4 „Forgangsröðun skuldabréfanna”.

Kröfur skuldabréfaeiganda samkvæmt SEL1 27 12 eru jafn rétt háar (e. pari passu) innbyrðis. Óheimilt er að veita einstökum skuldabréfaeigendum sérstakar tryggingar fyrir greiðslu þeirra eða inna af hendi greiðslu nema sama hlutfall sé greitt til allra skuldabréfaeigenda.

Ef ágreiningsmál rísa út af skuldabréfaflokknum má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur skv. reglum XVII. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

### 1.2.8 Áhætta vegna skilmálabreytinga

Breytingar á skilmálum skuldabréfanna eru háðar samþykki aukins meirihluta eigenda skuldabréfanna miðað við fjárhæð (66,67% eigenda útgefna skuldabréfa flokksins m.v. fjárhæð). Engar takmarkanir eru á því hvaða skilmálum heimilt er að breyta. Þar sem ekki þarf samþykki allra eigenda skuldabréfanna fyrir skilmálabreytingum er sú hætta fyrir hendi að skilmálabreyting verði samþykkt þrátt fyrir að allt að 33,33% eigenda skuldabréfanna, miðað við fjárhæð, hafi metið skilmálabreytinguna sem verri kost fyrir sig. Útgefanda ber að tilkynna verðbréfamiðstöð og Nasdaq Iceland, um hvers kyns breytingar á skilmálum skuldabréfaflokksins.

### 1.2.9 Lagaleg áhætta og ágreiningsmál

Um skuldabréfin gilda íslensk lög sem í gildi voru þegar verðbréfalýsing þessi var birt. Lög, reglugerðir og reglur sem gilda um skuldabréfin og starfsemi útgefanda geta tekið breytingum á líftíma skuldabréfanna og haft áhrif á útgefanda og fjárfesta. Eðli máls samkvæmt getur útgefandi ekki borið ábyrgð á áhrifum lagabreytinga, dómsúrskurða eða annarra stjórnvaldsákvarðana. Sjá nánari umfjöllun um lagaumhverfi skuldabréfanna í kafla 3.6 „Lög sem gilda um skuldabréfin“ í verðbréfalýsingu þessari. Varðandi upplýsingar um gildandi lagaumhverfi útgefanda vísast í kafla 2.9. „Lagalegt umhverfi útgefanda“ og kafla 1.13. „Skattaleg áhætta“ í útgefandalýsingu útgefanda dagsettri 1. nóvember 2024.

Fjárfestingar sem útgefandi er aðili að geta falið í sér hættu á ágreiningi um túlkun á efni samninganna og slíkt getur leitt af sér fjárhagslegt tjón fyrir útgefandann.

Útgefanda er ekki kunnugt um að nein stjórnslumál, dóms- eða gerðardómsmál, sem beint er gegn útgefanda séu í gangi, séu yfirvofandi eða hafa verið í gangi frá stofnun sjóðsins sem kunna að hafa eða hafa að undanfögnu haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi útgefanda.

Útgefandi kann að verða aðili að dómsmálum eða kröfugerðum af hendi þriðja aðila. Ekki er hægt að útiloka að dómsúrskurðir eða stjórnvaldsákvarðanir verði útgefanda óhagfelldir.

Brot útgefanda á lögum, reglugerðum settum á grundvelli þeirra og reglum Nasdaq Iceland og Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, Íslandi, (hér eftir „Fjármálaeftirlitið“) geta haft neikvæð áhrif á fjárhag og ímynd útgefanda. Viðurlög við brotum á First North Iceland Fixed Income Rulebook frá 1. janúar 2024 geta meðal annars falist í áminningu sem Nasdaq Iceland hefur heimild til að birta opinberlega, tímabundinni stöðvun á viðskiptum, viðurlögum í formi févítis og/eða að Nasdaq Iceland taki verðbréf útgefanda úr viðskiptum. Um viðurlög við brotum á lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga fer eftir 9. þætti laganna og 12. gr. laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu

útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði (hér eftir „lög um lýsingar“).

Fjárfestar sem fjárfesta í skuldabréfaflokki útgefanda sem hefur verið tekin til viðskipta á First North markaði Nasdaq falla undir fyrirnefnd lög um markaði fyrir fjármálagerninga og aðgerðir gegn markaðssvikum og reglugerðir settar á grundvelli laganna.

#### **1.2.10 Uppgjörsáhætta**

Í tengslum við möguleg viðskipti með skuldaskjölin er sú áhætta til staðar að greiðsla í greiðslukerfi sé ekki gerð upp með þeim hætti sem vænst var sökum þess að mótaðili greiðir eða afhendir ekki greiðslu eða skuldaskjöl á réttum tíma. Það felur í sér þá áhættu að uppgjör fari ekki fram á þeim tíma eða með þeim hætti sem fjárfestir gerir ráð fyrir.

## **2. Hlutdeildarskírteini**

Sjóðurinn hefur gefið út hlutdeildarskírteini og er heildarfjöldi eininga í sjóðnum 100. Hver eining var seld á 1 USD. Sjóðurinn er lokaður þannig ekki verður um frekari útgáfu á hlutdeildarskírteinum sjóðsins að ræða. Einn eigandi er að öllum hlutdeildarskírteinum sjóðsins. Eigandi hlutdeildarskírteina sjóðsins er Stefnir – ÍS 5 hs., kt. 430407-9610, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, sem er skilgreindur sem fagfjárfestir skv. 13. tl. 1. mgr. 4. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021.

### 3. Skuldabréfin

#### 3.1 Fyrirkomulag útgáfu skuldabréfsins

Útgefandi er hlutdeildarsjóður sem stofnaður var þann 4. apríl 2024. Sjóðurinn er í rekstri Stefnis hf., kt. 700996-2479 í samræmi við lög nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Sjóðurinn er eingöngu markaðssettur til fagfjárfesta, eins og það hugtak er skilgreint í lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Nánari umfjöllun um útgefandann má finna í útgefandalýsingu útgefanda dagsettri 1. nóvember 2024.

Til að fjármagna sjóðinn gaf SEL I út skuldabréfaflokkinn SEL1 27 12 þann 10. maí 2024. Höfuðstólsfjárhæð útgefina skuldabréfa í flokknum er 30.000.000 USD og nafnverðeiningar 1 USD. Fjárhæðin var ákveðin í samræmi við skuldbindandi áskriftir sem lágu fyrir á útgáfudegi skuldabréfanna. Fjárhæð áskrifta er að markaðsvirði. Skuldabréfin voru skráð í kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar, þann 10. maí 2024 á grundvelli laga nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga.

Stefnir hf. seldi öll skuldabréfin á útgáfudegi gegn greiðslu þann 14. maí 2024 og var því uppgjör viðskiptanna tveimur virkum dögum eftir útgáfudag. Skuldabréfin voru seld á genginu 1 USD fyrir hverja 1 USD nafnverðeiningu. Enginn viðbótarkostnaður féll á kaupendur skuldabréfa á útgáfudegi fyrir tilstuðlan útgefanda eða seljanda, fyrir utan afgreiðslugjald sem nam 12 USD á hvern kaupanda.

Útgáfa skuldabréfanna var ekki sölutryggð. Óskuðu fjárfestar eftir að kaupa skuldabréf fyrir samanlagða fjárhæð sem svaraði til stærðar flokksins og hverjum og einum úthlutað skuldabréf til kaups gegn staðgreiðslu. Því var ekki um að ræða nein eiginleg áskriftarloforð eða lágmarks-/hámarkskaupfjárhæðar krafist. Hlutdeildarskírteini sjóðsins er aðeins heimilt að selja aðilum sem teljast hæfir fjárfestar og hafa verið flokkaðir sem fagfjárfestar skv. 14. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga sbr. ákvæði 7. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Skuldabréfin voru jafnframt eingöngu markaðsett fagfjárfestum. Útboðin voru undanþegin gerð lýsingar, sbr. A-lið, 4. mgr. 1. gr. lýsingareglugerðarinnar og sbr. 3. gr. laga um lýsingar. Engin opinber tilkynning var birt um útboðið.

Markmið sjóðsins er er að skila góðri arðsemi og tryggja að hann geti mætt greiðslufæði vegna skuldabréfa sem sjóðurinn gefur út.

#### 3.2 Skilmálar og aðrar upplýsingar um skuldabréfin

Hér að neðan eru helstu skilmálar og upplýsingar sem tengjast skuldabréfaflokknum SEL1 27 12 sem var gefið út þann 10. maí 2024 og eins og því var skilmálabreytt þann 12. maí 2024.

<b>Nafn, kennitala og aðsetur útgefanda:</b>	SEL I hs., sem hlutdeildarsjóður skv. IX. kafla laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, kt. 660424-9970, Borgartún 19, Reykjavík
<b>LEI kóði:</b>	25490037APMBKYUYAX35
<b>Ábyrgð á greiðslu útgáfu:</b>	Útgefandi ber einn ábyrgð á greiðslu skuldabréfsins
<b>ISIN nr.:</b>	IS0000036358
<b>Auðkenni:</b>	SEL1 27 12
<b>Skuldabréf/víxill:</b>	Skuldabréf
<b>Tegund afborganna:</b>	Eingreiðslubréf

<b>Gjaldmiðill:</b>	USD
<b>Nafnverðseiningar:</b>	USD 1 – einn bandaríkjadalur
<b>Útgáfudagur:</b>	10. maí 2024
<b>Lokagjalddagi:</b>	22. desember 2027
<b>Fyrsti gjalddagi höfuðstóls:</b>	22. desember 2027
<b>Fjöldi gjalldaga í heild:</b>	Einn gjalddagi, aðeins við lokagjalddaga höfuðsstóls
<b>Heildarnafnverð útgáfu:</b>	30.000.000 USD
<b>Nafnverð útgefið nú:</b>	30.000.000 USD
<b>Vextir:</b>	0 %
<b>Greiðsla á lokagjalddaga fyrir hverja nafnverðseiningu</b>	$USD 1 \times P + L \times \max\{IR - S, 0\}$ <p>þar sem:</p> $\max\{x_1, x_2\} = \begin{cases} x_1, & \text{ef } x_1 > x_2 \\ x_2, & \text{annars} \end{cases}$
<b>P (Principle Protection)</b>	85%
<b>L (Leverage)</b>	161,03386667%
<b>IR (Index Return)</b>	$\frac{I_T}{I_0}$
<b>I<sub>T</sub> (Index at time T)</b>	Einfalt meðaltal (e. Arithmetic average) opinberra dagslokagilda vísitölnunnar MSCI World Index (Bloomberg auðkenni: MXWO Index) þann 17. september 2027, 15. október 2027, 19. nóvember 2027 og 17. desember 2027
<b>I<sub>0</sub> (Index at time zero)</b>	Opinbert dagslokagildi vísitölnunnar MSCI World Index (Bloomberg auðkenni: MXWO Index) á útgáfudegi skuldabréfsins.
<b>S (Strike)</b>	100%
<b>Útgáfuform og greiðslufyrirkomulag</b>	Skuldabréfin eru gefin út rafrænt hjá verðbréfamiðstöð á Íslandi. Útgefandi mun með milligöngu verðbréfamiðstöðvar greiða af skuldabréfunum, eftir því sem við á, á gjalddaga til þeirra reikningsstofnana sem skráðir eigendur skuldabréfanna hafa falið vörslu á skuldabréfum sínum. Viðkomandi reikningsstofnun annast endanlegar greiðslur inn á vörslureikninga eigendanna, þar sem skuldabréfin eru í vörslu. Með vörslureikningi er átt við reikning í skilningi laga nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga.
<b>Gjaldfelling vegna vanskila</b>	Hafi greiðsla ekki verið greidd á lokagjalddaga skuldabréfanna er skuldabréfaeiganda heimilt að innheimta dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndarálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af gjaldfallinni upphæð. Undantekning er ef lokagjalddagi skuldabréfanna er á

helgi eða almennum frídegi, þegar bankar eru lokaðir, og útgefandi greiðir á næsta bankadegi þar á eftir, en þá reiknast ekki dráttarvextir. Hafi greiðsla ekki verið innt af hendi 30 dögum eftir lokagjaldþaga og útgefandi ekki gripið til ráðstafana til þess að efna skuldbindingar sínar, er skuldabréfaeiganda heimilt, eftir að hafa sent tilkynningu um slíkt til útgefanda og til Nasdaq Iceland hf., að gera aðför hjá skuldara til fullnustu skuldarinnar, án undangengins dóms eða réttarsáttar skv. 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, að undangenginni greiðsluáskorun skv. 7. gr. laganna. Auk þess að ná til höfuðstóls skuldarinnar, nær aðfararheimild þessi til dráttarvaxta auk alls kostnaðar af innheimtuaðgerðum sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989. Ef fjárnám verður gert hjá útgefanda komi fram ósk um gjaldþrotaskipti á búi útgefanda, ef útgefandi leitar nauðasamninga eða eignir útgefanda eru auglýstar á nauðungaruppboði fellur skuldabréfaútgáfan í gjaldþaga einhliða og fyrirvaralaust.

### **Sérstök skilyrði og heimildir til gjaldfellingar**

Kröfur skuldabréfaeigenda samkvæmt skuldabréfaflokki þessum eru ávallt jafnréttáar (e. pari passu) innbyrðis. Óheimilt er að veita einstökum skuldabréfaeigendum sérstakar tryggingar fyrir greiðslu þeirra eða inna af hendi greiðslu nema sama hlutfall sé greitt til allra skuldabréfaeigenda.

Skuldabréfaeigendum er heimilt að gjaldfellaúristandandi höfuðstól skuldabréfanna eins og hann er hverju sinni ef annað hvort (eða bæði) eftirfarandi tilfella eiga sér stað:

- a) Brotið er gegn ákvæði 1. mgr. (e. pari passu) með því að veita tilteknum skuldabréfaeigendum sérstaka tryggingu eða greiðslu umfram aðra skuldabréfaeigendur.
- b) Útgefandi skráir ekki skuldabréfið á Nasdaq First North Iceland innan 6 mánaða frá útgáfu skuldabréfs.

Gjaldfelli eigandi skuldabréfs í skuldabréfaflokknunum kröfu sína í samræmi við ákvæði skuldabréfaflokksins áður en til skráningar kemur skal útgefandi upplýsa aðra skuldabréfaeigendur um slíka gjaldfellingu.

### **Skilmálabreyting**

Til að samþykkja skilmálabreytingu á skuldabréfaflokknunum þarf útgefandi að kalla saman fund skuldabréfaeigenda og fá samþykki 66,67% eigenda útgefina skuldabréfa flokksins m.v. fjárhæð. Útgefandi skal annast fundarboðun skuldabréfaeigenda.

Þrátt fyrir framangreint, getur útgefandi skuldabréfanna, einhliða og með skriflegri tilkynningu til skuldabréfaeigenda, breytt 42., 43. og 44. lið skilmálanna, á þann hátt að setja inn í 42. lið í stað núverandi texta,

prósentutölu sem reiknast út í samræmi við núverandi orðalag liðar 42 eða  $NV / N$  ( $NV$  deilt með  $N$ ) þar sem  $NV$  er USD fjárhæðartala sem skilgreind er sem Notional Amount, í kaupréttasamningi, dagsettum á útgáfudegi skuldabréfsins, milli Arion banka hf. (kt. 581008-0150) og JP Morgan SE vegna sjóðsins SEL I innan tveggja daga frá útgáfudegi skuldabréfsins án þess að fá samþykki skuldabréfaeigenda.  $N$  er skilgreint sem útgefið nafnverð, sbr. lið 11. Við framangreinda skilmálabreytingu verða liðir 43 og 44 felldir úr gildi.

Þrátt fyrir framangreint, getur útgefandi skuldabréfanna, með skriflegri tilkynningu til skuldabréfaeigenda, breytt 41. lið skilmálanna á þann hátt að hlutfall höfuðstólstryggingar (e. *Principle Protection*) breytist úr 85% án þess að kalla saman fund skuldabréfaeigenda, sbr. 1. mgr. þessa töluliðar ef fyrir liggur skrifleg staðfesting skuldabréfaeigenda sem fara með yfir 66,67% útgefina skuldabréfa m.v. fjárhæð. Skal þessi heimild gilda til og með 10. maí 2024 en að því liðnu falla úr gildi.

Útgefanda ber að tilkynna verðbréfamiðstöð og Nasdaq Iceland, um hvers kyns breytingar á skilmálum skuldabréfaflokksins.

**Framsali**

Engar takmarkanir eru á framsali skuldabréfa. Framselja skal skuldabréfin til nafngreinds aðila.

**Ágreiningsmál**

Rísi mál út af skuld þessari, má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt reglum XVII. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála

**Upplýsingar um eigendur**

Útgefandi skal hafa heimild til að kalla eftir niðurbroti á eigendum skuldabréfanna hjá verðbréfamiðstöð

**Afskráning**

Skuldabréfaflokkur verður afskráður í síðasta lagi þremur vikum eftir lokagjalddaga, nema tilkynning um annað berist frá útgefanda. Útgefanda ber að tilkynna verðbréfamiðstöð um greiðslufall flokksins og skal í því tilviki senda verðbréfamiðstöð tilkynningu þar um þegar greiðsla hefur farið fram.

**Tryggingar**

Skuldabréfin eru án trygginga

**Útreikningsaðili**

Útgefandi mun sjá um að reikna út greiðslur af skuldabréfunum á gjalddaga í samræmi við skilmála þeirra.

**3.3 Greiðsla á gjalddaga**

Líkt og kemur fram hér að framan er greiðsla á lokagjalddaga fyrir hverja nafnverðseiningu tvískipt. Annars vegar er hver nafnverðseining margfölduð með höfuðstólstryggingu (Principle Protection) sem er kölluð  $P$  og miðast greiðslan á þessum lið við 85% af hverri nafnverðseiningu. Hinn hluti greiðslunnar er háð virði hækkunarstuðuls og kemur aðeins til greiðslu ef gildi MSCI World Index vísitölnunnar, reiknað út frá einföldu meðaltali (e. Arithmetic average) opinberra

dagslokagilda vísitölunnar MSCI World Index (Bloomberg auðkenni: MXWO Index) þann 17. september 2027, 15. október 2027, 19. nóvember 2027 og 17. desember 2027, er hærra en það var samkvæmt opinberu dagslokagildi vísitölunnar MSCI World Index á útgáfudegi skuldabréfsins þann 10. maí 2024 eða 3419,92, eins og samið er um í afleiðusamningnum. Engin greiðsla á sér stað skv. þessum lið ef framangreint meðaltal vísitölunnar er lægra en það var við lokun markaða þann 10. maí 2024.

### Skýringardæmi og tafla:

Greiðsla á hverja nafnverðseiningu er háð skilmálum skuldabréfsins sem má sjá í kafla 3.2. Hér má sjá reikniaðferðina sem greiðsla á hverja nafnverðseiningu fer eftir:

$$USD 1 \times P + L \times \max\{IR - S, 0\}$$

Þar sem:

$$\max\{x_1, x_2\} = \begin{cases} x_1, & \text{ef } x_1 > x_2 \\ x_2, & \text{annars} \end{cases}$$

Samkvæmt skilmálum skuldabréfsins er gildi  $P = 85\%$ ,  $L = 161,03386667\%$  og  $S = 100\%$ . Eini liðurinn sem er því óviss fram að gjalddaga skuldabréfsins í reikniaðferðinni hér að ofan er  $IR$ .  $IR$  er reiknað samkvæmt eftirfarandi reikniaðferð:

$$\frac{I_T}{I_0}$$

$I_0$  er opinbert dagslokagildi vísitölunnar MSCI World Index (Bloomberg auðkenni: MXWO Index) á útgáfudegi skuldabréfsins samkvæmt skilmálum þess en það gildi er 3419,92. Samkvæmt skilmálum skuldabréfsins er  $I_T$  einfalt meðaltal (e. Arithmetic average) opinberra dagslokagilda vísitölunnar MSCI World Index (Bloomberg auðkenni: MXWO Index) þann 17. september 2027, 15. október 2027, 19. nóvember 2027 og 17. desember 2027. Þar með er ekki hægt að segja til um gildi  $I_T$  fyrr en eftir 17. desember 2027 og þar að leiðandi  $IR$  líka. Hér fyrir neðan má sjá töflu með mismunandi sviðsmyndum yfir greiðslu á hverja nafnverðseiningu eftir því hvert gildi  $I_T$  verður við gjalddaga skuldabréfsins:

Sviðsmynd	$I_T$	$IR - S$	Greiðsla á hverja nafnverðseiningu
Gildi $I_T$ er lægra en $I_0$	3.000,00	-12,28%	USD 0,85
Gildi $I_T$ er lægra en $I_0$	3.200,00	-6,43%	USD 0,85
Gildi $I_T$ er það sama og $I_0$	3.419,92	0,00%	USD 0,85
Gildi $I_T$ er hærra en $I_0$ en ekki það hátt að greiðsla á hverja nafnverðseiningu verði hærri en USD 1,00	3.600,00	5,27%	USD 0,93
Gildi $I_T$ er það hátt að greiðsla á hverja nafnverðseiningu verður nákvæmlega USD 1,00	3.738,48	9,31%	USD 1,00
Gildi $I_T$ er hærra en $I_0$ og það hátt að greiðsla á hverja nafnverðseiningu verður hærri en USD 1,00	3.800,00	11,11%	USD 1,03
Gildi $I_T$ er hærra en $I_0$ og það hátt að greiðsla á hverja nafnverðseiningu verður hærri en USD 1,00	4.000,00	16,96%	USD 1,12
Gildi $I_T$ er hærra en $I_0$ og það hátt að greiðsla á hverja nafnverðseiningu verður hærri en USD 1,00	4.200,00	22,81%	USD 1,22
Gildi $I_T$ er hærra en $I_0$ og það hátt að greiðsla á hverja nafnverðseiningu verður sú sama og $IR$	4.260,42	24,58%	USD 1,25



Gildi $I_T$ er hærra en $I_0$ og það hátt að greiðsla á hverja nafnverðeiningu verður hærri en $IR$	4.400,00	28,66%	USD 1,31
---	----------	--------	----------

Taflan hér að ofan sýnir að greiðsla á hverja nafnverðeiningu verður alltaf a.m.k. USD 0,85, að því gefnu að skuldabréfaeign sjóðsins greiðist skv. skilmálum sínum, og að við gildi  $I_T = 3738,48$  verður greiðsla á hverja nafnverðeiningu USD 1,00. Ef gildi  $I_T$  verður hærra en 3738,48 verður greiðsla á hverja nafnverðeiningu hærri en USD 1,00. Jafnframt sýnir taflan að ef gildi  $I_T$  verður hærra en 4260,42 að þá verður greiðsla á hverja nafnverðeiningu hærri en  $IR$ . Sem með öðrum orðum þýðir að ef skuldabréfið hefði verið keypt á genginu USD 1,00 að þá hefði ávöxtun af þeirri fjárfestingu verið hærri en verðhækkun MSCI World Index vísitölunnar yfir sama tímabil.

### 3.4 Forgangsröðun skuldabréfanna

Útgefandi ber einn ábyrgð á greiðslu skuldabréfanna í skuldabréfaflokki SEL1 27 12. Skuldabréfin eru ekki tryggt með veðum.

Skv. skilmálum skuldabréfsins eru kröfur skuldabréfaeigenda samkvæmt skuldabréfaflokki SEL1 27 12 ávallt jafnréttthár (e. pari passu) innbyrðis og óheimilt að veita einstökum skuldabréfaeigendum sérstakar tryggingar fyrir greiðslu þeirra eða inn af hendi greiðslu nema sama hlutfall sé greitt til allra skuldabréfaeigenda.

Þegar kemur að forgangsröðun skuldabréfanna gagnvart öðrum kröfuhöfum sjóðsins vísast til. 3. mgr. 9. gr. reglna sjóðsins sem kveður á um að greiðslum til sjóðsins ráðstafað af sjóðnum í eftirfarandi röð:

- a) Til greiðslu opinberra gjalda og til greiðslu rekstrarkostnaðar sjóðsins, þ.m.t. allra umsýsluþóknana skv. 7. gr. regla sjóðsins og áfallins annars kostnaðar o.fl. gjalda sem eru til komin vegna rekstrar hans.
- b) Í samræmi við skilmála þeirra skuldaskjala sem sjóðurinn hefur gefið út.
- c) Til greiðslu breytanlegrar þóknunar sjóðsins skv. 7. gr. reglna sjóðsins

Í 4. mgr. 9. gr. reglnanna kemur fram að kröfur á grundvelli hlutdeildarskírteina eru réttlægri öðrum kröfum gerðum á hendur sjóðnum og þau verða einungis innleyst þegar búið er að gera upp við eigendur skuldaskjala sbr. b lið 3. mgr. 9. gr. reglna sjóðsins.

Í 5. mgr. 9. gr. reglnanna kemur fram að rekstraraðila er óheimilt að veðsetja eignir sjóðsins og/eða tekjur að öðru leyti en til trygginga á greiðslum á skuldabréfum sbr. lið b) 3. mgr. 9. gr. reglna sjóðsins.

### 3.5 Heimild til skuldabréfaútgáfu

Útgáfa skuldabréfanna byggir á samþykkt stjórnar Stefnis dags 3. maí 2024 þar sem kveðið er á um heimild til að gefa út skuldabréf í samræmi við reglur sjóðsins. sbr. kafla 5.1. „Skjöl til sýnis, skjöl felld inn með tilvísun og aðgangur að lýsingu“ í verðbréfalýsingu þessarar, en reglurnar sjóðsins voru settar af stjórn Stefnis hf., þann 4. apríl 2024 með breytingum gerðum 8. maí 2024.

### 3.6 Lög sem gilda um skuldabréfin

Um skuldabréfin gilda íslensk lög en þau eru verðbréf í skilningi 64. tl. 1. mgr. 4. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga. Skuldabréfin hafa verið gefin út rafrænt hjá Nasdaq

CSD SE, útibú á Íslandi., kt. 510119-0370, Laugavegi 182, 105 Reykjavík (hér eftir „Nasdaq verðbréfamiðstöð“) og gilda því einnig um skuldabréfin lög nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerna (hér eftir „lög um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerna“). Að auki gilda um þau lög nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu og óskráðar reglur íslensks réttar um viðskiptabréf, auk annarra almennra reglna íslensks samninga- og kröfuréttar.

Frá því að útgefandi óskar eftir því að skuldabréf verði tekin til viðskipta á First North Nasdaq Iceland gilda um útgefandann og skuldabréfin ákvæði laga, reglugerða og reglna um útgefendur verðbréfa og verðbréf sem tekin hafa verið til viðskipta á markaðstorgi fjármálagerna, eins og þau eru á hverjum tíma, m.a. lög nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerna og reglugerðir settar á grundvelli laganna, lög nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu, lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum, reglugerðir og reglur settar á grundvelli fyrrnefndra laga, svo sem reglugerð nr. 977/2021 um tilkynningar um raunveruleg eða möguleg brot á lögum um aðgerðir gegn markaðssvikum og reglur nr. 320/2022 um aðgerðir gegn markaðssvikum. Umsókn útgefanda um töku skuldabréfa til viðskipta á First North markaði Nasdaq Iceland telst vera fullgild þegar lýsing staðfest af Fjármálaeftirlitinu hefur verið birt. First North markaður Nasdaq Iceland er markaðstorg fjármálagerna sbr. 4 gr. 38. tl. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerna.

Verðbréfalýsing þessi, ásamt útgefandalýsingu SEL I sem dagsett er þann 1. nóvember 2024 og samantekt (saman nefnt „lýsingin“) er gerð til að koma á framfæri upplýsingum um skuldabréfaflokkinn SEL1 27 12 vegna fyrirhugaðrar töku til viðskipta á First North markaði Nasdaq Iceland. Lýsingin er gerð í samræmi við lög um lýsingar og reglugerð nr. 274/2020 um innleiðingu framseldar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/980 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129, að því er varðar sniðmát, efni, athugun og staðfestingu lýsinga sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Lýsingin fylgir ákvæðum um upplýsingagjöf í lýsingum skv. 14. viðauka útgefandalýsing fyrir eignavarin verðbréf og 19. viðauka eignavarin verðbréf í framseldri reglugerð (ESB) nr. 2019/980. Útgefandalýsing gefin út af útgefanda þann 1. nóvember 2024 fylgir ákvæðum um upplýsingagjöf í lýsingum skv. 9. viðauka útgefandalýsing fyrir eignavarin verðbréf í framseldri reglugerð (ESB) nr. 2019/980. Jafnframt er lýsingin útbúin með hliðsjón af First North Iceland Fixed Income Rulebook, sem gefin var út af Nasdaq Iceland, 1. janúar 2024. Lýsingin hefur verið yfirfarin og staðfest af Fjármálaeftirlitinu, í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/1129 um lýsingu sem birta skal við almenn útboð verðbréfa eða vegna töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði (hér eftir „lýsingareglugerð“).

Fjármálaeftirlitið staðfestir aðeins viðkomandi lýsingu í þeim skilningi að hún uppfylli þær kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæmt því sem kveðið er á um í lýsingareglugerðinni. Ekki ber að líta á slíka staðfestingu sem stuðning við útgefandann sem viðkomandi lýsing varðar.

Kröfur samkvæmt skuldabréfunum fynast á 10 árum frá gjalddaga í samræmi við 5. gr. laga nr. 150/2007, um fyrningu kröfuréttinda, nema kröfur um vexti og verðbætur sem fynast á fjórum árum frá gjalddaga í samræmi við 3. gr. sömu laga.

Rísi ágreiningsmál út af skuldabréfunum skal reka málið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

### 3.7 Tryggingar

Samkvæmt skilmálum skuldabréfanna fela skuldabréfin ekki í sér bein veð og ábyrgð á greiðslu skuldbindinga sjóðsins er fólgin í þeim eignum sem sjóðurinn á hverju sinni og skal greiðslum

ráðstafað í samræmi við 3. og 4. mgr. 9. gr. reglna sjóðsins eins og þeim er lýst í kafla 3.4 „Forgangsröðun skuldabréfanna”.

### 3.8 Ábyrgð á greiðslu útgáfu

Útgefandi ber einn ábyrgð á greiðslu þessa skuldabréfs. Útgefandi ber ábyrgð á fjárskuldbindingum sínum eingöngu með eignum sem honum tilheyra. Stefnir hf., sem rekstraraðili sjóðsins í samræmi við lög nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, ber ekki ábyrgð á skuldbindingum útgefanda og ber því hvorki ábyrgð á greiðslu afborgana höfuðstóls, vaxta, innheimtukostnaðar né sérhverjum öðrum greiðslum vegna þessa skuldabréfs, hvorki að hluta né í heild sinni.

Útgefandi mun með milligöngu verðbréfamiðstöðvar greiða af skuldabréfunum í samræmi við skilmála skuldabréfanna, eftir því sem við á, á gjalddaga þeirra til reikningsstofnana sem skráðir eigendur skuldabréfanna hafa falið vörslu á skuldabréfum sínum. Viðkomandi reikningsstofnun annast endanlegar greiðslur inn á vörslureikninga eigendanna, þar sem skuldabréfin eru í vörslu. Stefnir hf. önnuðust sölu skuldabréfanna.

### 3.9 Rekstraraðili útgefanda

Samkvæmt 1. gr. reglna útgefanda er Stefnir rekstraraðili útgefanda og fer með rekstur hans í samræmi við lög nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra. Rekstraraðili skipar sjóðnum sjóðstjóra og staðgengil hans. Sjóðstjóra er heimilt að skuldbinda sjóðinn í samræmi við undirritunarreglur rekstraraðila sbr. 3. gr. reglna sjóðsins. Stjórn og starfsmenn rekstraraðila bera ekki ábyrgð á tjóni sem sjóðurinn kann að vera fyrir, nema sýnt sé fram á að tjón sé til komið vegna háttsemi sem telst til ásetnings eða stórfellds gáleysis viðkomandi.

Hvorki rekstraraðili, hlutdeildarskírteinishafar, vörsluaðili né viðskiptabanki sjóðsins bera ábyrgð á skuldbindingum útgefanda og standa eignir útgefanda einar undir skuldbindingum hans.

Stefnir hf. er sjálfstætt starfandi fjármálastofnun skv. lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki og starfar á grundvelli starfsleyfa frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands, sem rekstrarfélag verðbréfasjóða, samkvæmt heimild í lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða samkvæmt heimild í lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Starfsleyfi félagsins samkvæmt framangreindum lögum tekur til eignastýringar, fjárfestingaráðgjafar, vörslu og umsýslu hlutdeildarskírteina eða hluta sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Vörslufyrirtæki félagsins er Arion banki hf.

### 3.10 Rafræn skráning og framsal

Skuldabréfin eru gefin út með rafrænum hætti hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð. Engar takmarkanir eru á framsali skuldabréfa samkvæmt útgáfu þessari. Framselja skal skuldabréfin til nafngreinds aðila. Útgefanda er heimilt að afla upplýsinga hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð um skráða skuldabréfaeigendur á hverjum tíma. Skilmálar skuldabréfanna eru dagsettir þann 10. maí 2024 og var síðar breytt með skilmálabreytingu þann 12. maí 2024 og er lýst í kafla 3.2 „Skilmálar og aðrar upplýsingar um skuldabréfin”. Skilmálar skuldabréfanna sem ásamt því að skilmálarnir eru aðgengilegir á vef útgefanda: [https://www.stefnir.is/sjodir/#skradir\\_fjarmalagerningar](https://www.stefnir.is/sjodir/#skradir_fjarmalagerningar) .

Reikningsstofnunum, eins og þær eru skilgreindar samkvæmt lögum um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármalagerninga, er einum heimilt að annast milligöngu um framsal á skuldabréfunum.

### 3.11 Tilgangur útgáfu skuldabréfaflokksins

Með útgáfu skuldabréfaflokksins SEL1 27 12 er útgefandi að fjármagna starfsemi sína, en tilgangur útgefanda er að fjárfesta skv. fjárfestingarstefnu. Nánari lýsing á henni er að finna í útgefandalýsingu útgefanda dagsettri sama dag og verðbréfalýsing þessi og reglum sjóðsins.

Tilgangurinn með því að hafa skuldabréfin skráð á First North markað Nasdaq er að auka seljanleika skuldabréfanna og tryggja fjárfestum að starfshættir og upplýsingagjöf útgefanda séu í samræmi við reglur First North Iceland Fixed Income Rulebook frá 1. janúar 2024, útgefna af Nasdaq Iceland hf., eins og þær eru á hverjum tíma. Núgildandi reglur kveða m.a. á um að útgefandi skuldabréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta, skuli kappkosta að birta opinberlega án tafar, eða eins fljótt og auðið er, allar áður óbirtar upplýsingar um ákvarðanir eða atvik sem það vissi eða mátti vita að hefðu marktæk áhrif á markaðsverð skuldabréfanna.

### 3.12 Taka skuldabréfanna til viðskipta á First North markaði Nasdaq Iceland

Stefnt er að töku skuldabréfaflokksins til viðskipta á First North Nasdaq Iceland, sem er markaðstorg fjármálagerna í skilningi íslenskra laga. Fyrsti viðskiptadagur með skuldabréfin á First North markaði Nasdaq Iceland verður tilkynntur af Nasdaq Iceland með minnst eins viðskiptadags fyrirvara. Við það að skuldabréf útgefanda eru tekin til viðskipta á First North markaði Nasdaq Iceland lýtur útgefandinn upplýsingaskyldu á markaði samkvæmt lögum þar um og einnig skv. reglum Nasdaq Iceland, sem eru í gildi á hverjum tíma.

### 3.13 Kostnaður vegna töku til viðskipta

Útgefandi ber allan kostnað sem hlýst af því að fá skuldabréfin tekin til viðskipta á First North Nasdaq Iceland. Heildarkostnaður vegna töku skuldabréfanna til viðskipta er áætlaður um 10 m.kr. Um er að ræða kostnað vegna gerðar lýsingar, kostnað við yfirferð og staðfestingu Fjármálaeftirlitsins á lýsingu, kostnað við töku skuldabréfa til viðskipta samkvæmt gjaldskrá Nasdaq Iceland, kostnað Nasdaq verðbréfamistöðvar samkvæmt gjaldskrá og aðra smávægilega kostnaðarliði sem falla til við undirbúning töku skuldabréfanna til viðskipta.

### 3.14 Afskráning

Skuldabréfaflokkurinn verður afskráður í síðasta lagi þremur vikum eftir lokagjalddaga, nema tilkynning um annað berist frá útgefanda. Útgefandi ber að tilkynna Nasdaq verðbréfamistöð hf. um greiðslufall flokksins og skal í því tilviki senda Nasdaq verðbréfamistöð hf. tilkynningu þar um þegar greiðsla hefur farið fram. Útgefandi sendir Nasdaq verðbréfamistöð hf. staðfestingu á lokagreiðslu.

### 3.15 Skattamál

Skráð skrifstofa útgefanda er á Íslandi og þar er einnig óskað eftir töku skuldabréfanna til viðskipta. Fer um skattalega meðferð skuldabréfanna samkvæmt íslenskri skattalöggjöf á hverjum tíma. Útgefandi mun ekki draga staðgreiðslu af vaxtatekjum skuldabréfanna og ábyrgist ekki að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Skuldabréfaeigendur bera sjálfir ábyrgð á staðgreiðslu fjármagnstekna sinna af skuldabréfunum. Reikningsstofnanir sem varsla skuldabréfin fyrir skuldabréfaeigendur annast útreikning og staðgreiðslu af vaxtatekjum skuldabréfanna.

Skattalög aðildarríkis fjárfesta og skráningarlands útgefanda gætu haft áhrif á tekjur af

skuldabréfunum. Mælt er með því að fjárfestar kynni sér íslenska og eftir atvikum erlenda skattalöggjöf og athugi að breytingar kunna að verða á lögum. Fjárfestum er ráðlagt að leita ráðgjafar frá þriðja aðila varðandi skattalegrar afleiðingar þess að fjárfesta í skuldabréfum.

Skuldabréfin eru ekki stimpilskyld, sbr. ákvæði laga nr. 138/2013.

### 3.16 Undirliggjandi eignir

Skuldabréfin eru án trygginga. Ábyrgð á greiðslu skuldbindinga sjóðsins er fólgin í þeim eignum sem sjóðurinn á hverju sinni og skal greiðslum ráðstafað í samræmi við 3. og 4. mgr. 9. gr. reglna sjóðsins eins og þeim er lýst í kafla 3.4 „Forgangsröðun skuldabréfanna”.

Geta útgefanda til að standa við skuldbindingar sínar er því að alfarið háð því að mótaðili útgefanda standi við skuldbindingar sínar.

Sjóðurinn hefur rúmar fjárfestingarheimildir til fjárfestinga í öllum fjármálagerningum sé það gert í þeim tilgangi að mæta og tryggja greiðsluflæði vegna skuldabréfa sem sjóðurinn gefur út. Fjárfestingarheimildir sjóðsins takmarkast við ákvæði laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, að frátöldum takmörkunum í X. kafla laganna er fjalla um sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta, og eftirfarandi fjárfestingastefnu sjóðsins sem er takmörkuð við a) skuldabréf útgefin af innlendri fjármálastofnun b) afleiður tengdar við hlutabréfavísitölur jafnt innan sem utan skipulegra verðbréfamarkaða c) innlán, peningamarkaðsgerninga og skammtímasjóði til lausafjárstyringa. Hlutföll fjárfestinga sjóðsins skulu miða út frá að mæta og tryggja greiðsluflæði vegna skuldabréfa sem sjóðurinn gefur út. Framangreint kemur fram í 4. gr. reglna sjóðsins.

Í 5. gr. reglna sjóðsins kemur fram að afleiður sem sjóðurinn notar eru einkum valréttir. Í tilviki valréttar kaupir sjóðurinn rétt til þess að eiga viðskipti með fjármálagerninga á fyrirfram ákveðnu verði og tíma í framtíðinni. Kaupi sjóðurinn valrétti takmarkast áhætta sjóðsins við það verð sem hann greiddi fyrir valréttinn.

Þann 30.9.2024 skiptust eignir útgefanda með þeim hætti að skuldabréfaeign í skuldabréfaflokknum ARION 27 1217 nam 65,16% af heildareignum sjóðsins að markaðsvirði USD 20.985.353, afleiðusamningur var 33,54% af heildareignum sjóðsins að markaðsvirði USD 10.802.278 og handbært fé nam 1,30% af heildareignum sjóðsins að fjárhæð USD 419.534. Allar eignir sjóðsins eru í bandaríkjadólar. Upplýsingar um skilmála undirliggjandi vísast til kafla 4.2 „Helstu skilmálar í tengslum við skuldbindingar við mótaðila“. Um eignirnar gilda skilmálar og lögsaga eins og fram kemur í viðkomandi samningum.

Útgefandi hefur heimild að skipta út eignum, þ.e. selja framangreindar eignir og kaupa aðrar í staðinn. Þessi heimild takmarkast af fjárfestingarstefnu útgefanda sbr. 4. gr reglna sjóðsins. Engar takmarkanir eru á hvernig reglur útgefanda taka breytingum.

### 3.17 Uppbygging og sjóðstreymi

Útgefandi gegnir hlutverki milliliðar sem tekur við fé frá fjárfestum og fjárfestir í samræmi við 4. gr. reglna sjóðsins þar sem fram koma markmið, fjárfestingarheimildir og fjárfestingarstefna sjóðsins. skv. 3. tl. 4. gr. reglna sjóðsins er fjárfestingarstefna sjóðsins takmörkuð við skuldabréf útgefin af innlendri fjármálastofnun, afleiður tengdar við hlutabréfavísitölur jafnt innan sem utan skipulegra verðbréfamarkaða, innlán, peningamarkaðsgerninga og skammtímasjóði til lausafjárstyringar. Hlutföll fjárfestinga sjóðsins skulu miða út frá að mæta og tryggja greiðsluflæði vegna skuldabréfa sem sjóðurinn gefur út.

Sjóðurinn gaf út hlutdeildarskírteini og er heildarfjöldi eininga í sjóðnum 100. Hlutdeildarskírteini sjóðsins er aðeins heimilt að selja fagfjárfestum, sbr. 14. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, sbr. ákvæði 7. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 45/2020. Hver eining var seld á 1 USD. Sjóðurinn er lokaður þannig ekki verður um frekari útgáfu á hlutdeildarskírteinum sjóðsins að ræða. Hlutdeildarskírteini sjóðsins eru öll í eigu Stefnir – ÍS 5 hs., kt. 430407-9610. Fjárfestingar sjóðsins fjármagnar hann nær eingöngu með útgáfu skuldabréfa en jafnframt gaf sjóðurinn út hlutdeildarskírteini. Skuldabréf útgefin af sjóðnum voru einungis seld fagfjárfestum. Við birtingu lýsingar þessarar samanstanda eignir sjóðsins einkum af tveimur eignum, skuldabréfi útgefnu af Arion banka í flokknum Arion 27 1217, og afleiðusamningi í formi kaupréttar. Þess til viðbótar á sjóðurinn handbært fé, sem einkum er ætlað til að standa undir kostnaði.

Mynd 3.18.1: Sjóðstreymi viðskipta



Nánari upplýsingar um fjárfestingar og mótaðila útgefanda er að finna í kafla 4.2 „Helstu skilmálar í tengslum við skuldbindingar við mótaðila” í verðbréfalýsingu þessari.

Skilmálar eigna sjóðsins, bæði skuldabréfa útgefnum af Arion banka hf. og afleiðusamningsins eru með þeim hætti að sjóðstreymi þeirra á sér stað tímanlega fyrir lokagreiðslu á SEL1 27 12. SEL1 27 12 er aðeins með einn gjalddaga, sem er lokagjalddagi höfuðstóls þann 22.12.2027.

Skuldabréfið ARION 27 1217 í eigu sjóðsins er á lokagjalddaga þann 17. desember 2027 og að fjárhæð 20.512.000 USD og ber 6,25% vexti. Vextir eru höfuðstólsfærðir á 12 mánaða fresti skv. skilmálum skuldabréfsins að undanskildum síðasta vaxtagjalddaga bréfsins sem kemur til greiðslu á lokagjalddaga ásamt höfuðstólsgreiðslu bréfsins. Er því ekkert sjóðstreymi af skuldabréfinu fyrr en á lokagjalddaga skuldabréfsins. Fyrirhugað er að skuldabréf útgefið af Arion banka hf. standi undir greiðslu 85% af höfuðstólsfjárhæð SEL1 27 12 á lokagjalddaga. Sjóðurinn mun sjá um innheimtu á því. Um uppgjör afleiðusamningsins milli sjóðsins og Arion banka fer skv. samningi um viðskipti með OTC valrétt dags 10. maí 2024 fer fram þann 19. desember 2027 og mun sjóðurinn þá fá greitt samkvæmt samningi, eigi sjóðurinn rétt á greiðslu á lokagjalddaga. Komi til greiðslu skv. afleiðusamningnum kemur það til greiðslu til skuldabréfaeiganda skv. skilmálum skuldabréfsins og skiptist hlutfallslega milli nafnverðseininga skuldabréfsins eins og nánar er lýst í kafla 3.2. „Skilmálar og aðrar upplýsingar um skuldabréfin” og nánar er lýst með skýringardæmum í kafla 3.3 „Greiðsla á gjalddaga“. Sjóðurinn mun sjálfur sjá um innheimtu á afleiðusamningnum gagnvart Arion banka hf. Er varðar innheimtu afleiðunnar hafa SEL I og Arion banki samið um að Arion banki hafi milligöngu um kaup á OTC valrétti af J.P. Morgan SE (hér eftir „JPM“). Komi til vanefnda JPM sem er mótaðili Arion banka vegna afleiðunnar og

vanefndarákvæði virkjast mun Arion leitast við að tryggja að SEL I verði eins settur og hann væri sjálfur mótaðili afleiðusamningsins. Þá ber Arion banka skylda skv. samningi, í samvinnu og að höfðu samráði við sjóðinn, að ganga á eftir greiðslum frá JPM komi til vanefnda, þ.m.t. að lýsa kröfu við slitameðferð. Útgefandinn er því óbeinn kröfuhafi JPM og til þess getur komið að ef vanefndir verða á afleiðusamningnum að útgefandinn verði beinn kröfuhafi JPM eins og líst er hér að framan.

Útgefandinn er beinn kröfuhafi Arion banka og gegnir stöðu þriðja aðila milli Arion banka sem mótaðila sjóðsins og skuldabréfaeigenda. Sjóðurinn getur því milliliðalaust, án fyrirvara og aðkomu þriðja aðila gengið til fullnustuaðgerða komi til vanefnda Arion banka. Engin veð eru til tryggingar skuldbindinga Arion banka hf. vegna eignanna.

Kröfur skuldabréfaeigenda eru ávallt jafnrétt háar (e. pari passu) innbyrðis og eiga þeir jafnan rétt til eigna sjóðsins í samræmi við skilmála SEL1 27 12 og reglna sjóðsins sbr. einnig kafla 3.4. „Forgangsröðun skuldabréfanna”.

Sjóðurinn er fullfjárfestur, að undanskildum innstæðum sem er ætlað til að standa skil á þóknun til rekstraraðila og til að standa straum á útlögðum kostnaði í samræmi við reglur sjóðsins. Sjóðurinn hefur heimild til að kaupa og selja eignir í samræmi við fjárfestingastefnu sem fram kemur í reglum sjóðsins.

Markmið sjóðsins er að skila góðri arðsemi og tryggja að hann geti mætt greiðsluflæði vegna skuldabréfa sem sjóðurinn gefur út. Standi mótaðilar sjóðsins ekki við skuldbindingar sínar mun það hafa áhrif á getu sjóðsins til að standa við greiðslur skuldabréfsins á lokagjaldsdaga.

Greiðslur vegna eignanna verða innheimtar í samræmi við skilmála undirliggjandi samninga.

### **3.18 Upplýsingar um viðskiptin að útgáfu lokinni**

Engin áform eru hjá útgefanda að birta upplýsingar um verðþróun undirliggjandi eigna eða að veita aðrar upplýsingar um skuldabréfin en reglur Nasdaq Iceland kveða á um. Þær upplýsingar sem reglur Nasdaq Iceland kveða um að séu birtar verða birtar á vefsíðu útgefanda [https://www.stefnir.is/sjodir/#skradir\\_fjarmalagerningar](https://www.stefnir.is/sjodir/#skradir_fjarmalagerningar)

## 4. Upplýsingar um mótaðila útgefanda í fjárfestingum

### 4.1 Almennar upplýsingar um mótaðila útgefanda í fjárfestingum

#### 4.1.1 Arion banki hf.

Lögformlegt heiti og viðskiptaheiti:	Arion banki hf.
Kennitala:	581008-0150
Lögheimili:	Borgartúni 19, 105 Reykjavík
Skráningarland:	Ísland
Félagafarm:	Hlutafélag
Stofndagur:	18.10.2008
Vefsíða:	<a href="https://www.arionbanki.is/">https://www.arionbanki.is/</a> <sup>1</sup>
Markaður þar sem hlutabréf eru tekin til viðskipta	Viðskipti með hlutabréf bankans fara fram á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland en einnig hjá Nasdaq Stockholm í formi sænskra heimildarskírteina (SDR) þar sem eitt SDR jafngildir einum hlut.
Helsta atvinnustarfsemi	Arion banki er fjármálafyrirtæki. Tilgangur félagsins er að starfrækja viðskiptabanka og hafa með höndum hverja þá starfsemi sem viðskiptabanka er heimilt að annast skv. lögum á hverjum tíma og tilgreind eru í starfsleyfi félagsins, sem og hverja þá starfsemi aðra en stendur í eðlilegum tengslum við slíka starfsemi. Arion banka er heimilt að gerast eignaraðili í öðrum félögum í því skyni að sinna slíkri starfsemi sbr. grein 1.4 í samþykktum Arion banka hf. dags. 27. ágúst 2024.

Arion banki hf. var stofnaður þann 18. október 2008. Bankinn er hlutfélag sbr. lög nr. 2/1995 um hlutafélög, með kennitölu 581008-0150. Nafn bankans var upphaflega Nýji Kaupþing banki hf. en þann 21. nóvember 2009 var nafni bankans breytt í Arion banka hf. og erlent heiti bankans er Arion bank hf. Bankinn er alfarið í einkaeigu.

Arion banki og dótturfélög veita íslensku samfélagi alhliða fjármálaþjónustu. Hlutverk Arion er að liðsinna þeim sem vilja ná árangri á Íslandi og víðar á norðurslóðum með snjöllum og traustum fjármálalausnum sem efla fjárhagslegt heilbrigði og stuðla að sjálfbærri verðmætasköpun. Bankinn leggur áherslu á að byggja upp langtímaviðskiptasamband við viðskiptavinum sína og nýtur sérstöðu hvað varðar framsækna og nútímalega fjármálaþjónustu.

<sup>1</sup> Upplýsingar á vefsetri eru ekki hluti lýsingarinnar nema þær upplýsingar sem felldar eru inn í lýsinguna með tilvísun.



Arion banki þjónar einstaklingum, fyrirtækjum og fjárfestum á þremur þjónustusviðum; viðskiptabankasviði, fyrirtækja- og fjárfestingarbankasviði og mörkuðum. Dótturfélögin Stefnir og Vörður auka enn frekar þjónustuframboð bankans. Stefnir er eitt stærsta sjóðastýringarfyrirtæki landsins og Vörður tryggingar býður upp á skaða- og líftryggingar og er það tryggingafélag á Íslandi sem vex nú hraðast. Að auki býður bankinn upp á lífeyrisþjónustu og eru nokkrir lífeyrissjóðir í rekstri hjá bankanum. Þannig er þjónustuframboð Arion einstakt hvað fjölbreytni varðar. Í lok árs 2023 voru 822 stöðugildi hjá samstæðunni.

Fjölbreytt þjónustuframboð felur jafnframt í sér að tekjugrunnur starfseminnar er breiður og dreifist lánasafn bankans vel á milli einstaklinga og fyrirtækja. Þá felur hátt hlutfall íbúðalána og góð dreifing útlána á milli atvinnugreina í sér markvissa áhættustýringu.

Arion hefur verið í forystu á sviði stafrænna lausna og nýsköpunar enda er stór hluti þjónustunnar aðgengilegur í Arion appinu. Umfang stafrænnar þjónustu gerir þjónustuna einstaklega þægilega fyrir viðskiptavinum og eykur skilvirkni í starfseminni. Að auki hefur bankinn gegnt forystuhlutverki þegar kemur að þjónustu og ráðgjöf við fyrirtæki og fjárfesta og uppbyggingu hlutabréfamarkaðar hér á landi.

Arion banki hefur sett sér skýra stefnu varðandi sjálfbærni starfseminnar og umhverfis- og loftslagsmál. Viðskiptavinum stendur til boða margvísleg græn fjármálaþjónusta, svo sem græn bílalan, fyrirtækjalán, innlán og íbúðalán. Arion banki hefur gefið út heildstæða græna fjármálaumgjörð sem nær til fjármögnunar bankans og lánveitinga. Þannig hefur bankinn skuldbundið sig til að nýta það fjármagn, sem hann sækir á lánsfjármörkuðum í tengslum við grænu umgjörðina, í græn lán til fyrirtækja og einstaklinga eins og þau eru skilgreind í umgjörðinni.

Arion banki er fjárhagslega sterkur banki sem leggur metnað í að starfa með arðsömum hætti í sátt við samfélag og umhverfi. Bankinn lítur fyrst og fremst á sig sem íslenskan banka, en hann er einnig í vaxandi mæli farinn að veita þjónustu utan Íslands, einkum til fyrirtækja sem tengjast sjávarútvegi í Evrópu og Norður Ameríku. Bankinn leggur áherslu á samkeppnishæfar arðgreiðslur til hluthafa. Hlutfélagans tilheyrir allt einum flokki hlutafjár og er hver hlutur ein króna að nafnverði og eitt atkvæði. Viðskipti með hlutabréf bankans fara fram hjá Nasdaq Iceland en einnig hjá Nasdaq Stockholm í formi sænskra heimildarskírteina (SDR) þar sem eitt SDR jafngildir einum hlut.<sup>2</sup>

#### 4.1.2 Lagalegt umhverfi mótaðila

Arion banki er fjármálafyrirtæki og hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Þau lög sem gilda að auki um starfsemi bankans eru m.a. lög um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021, lög um verðbréfasjóði nr. 116/2021, lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða nr. 45/2020, lög um greiðsluþjónustu nr. 114/2021, lög um greiðslureikninga nr. 5/2023, lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018, lög um fasteignalán til neytenda nr. 118/2016, lög um neytendalán nr. 33/2013, samkeppnislög nr. 44/2005 og lög um hlutfélög nr. 2/1995. Arion banki er fjárhagslega sterkur banki sem stefnir að því að vera bestur í að mæta þörfum sinna markhópa, vera leiðandi fyrirtæki sem er drifkraftur árangurs viðskiptavina og samfélagsins alls auk þess að liðsinna þeim sem vilja ná árangri á Íslandi og víðar á norðurslóðum með snjöllum og traustum fjármálalausnum sem efla fjárhagslegt heilbrigði og stuðla að sjálfbærri verðmætasköpun. Eins og áður segir er bankinn skráður á markað á Nasdaq Íslandi og Nasdaq Stokkhólmi. Þá hefur bankinn gefið út skuldabréf sem hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi og í

<sup>2</sup> <https://arsskyrsla.arionbanki.is/2023/islenska/arid-2023/hlutir-og-hluthafar/>

Lúxemborg. Bankinn fellur því undir upplýsingaskyldu útgefanda skv. lögum um markaði fyrir fjármálagerninga og reglum viðkomandi kauphalla. Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (FME) hefur eftirlit með starfsemi Arion banka á grundvelli laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Nánari upplýsingar um FME og yfirlit yfir helstu lög og reglur sem gilda um bankann á hverjum tíma, auk leiðbeinandi tilmæla eftirlitsins og viðmiðunarreglna evrópskra eftirlitsstofnana, má finna á heimasíðu þess <https://www.sedlabanki.is/fjarmalaeftirlit/>. Í starfsemi bankans reynir jafnframt á ýmsa aðra löggjöf sem tengist rekstri fjármálafyrirtækja og fyrirtækja almennt.

#### 4.1.3 Tengsl milli útgefanda og mótaðila

Arion banki er eigandi Stefnis hf. Hlutfallslegt eignarhald skiptist milli Arion banka 99,93% og Gen hf. 0,07%. Gen hf. er alfarið í eigu samstæðu Arion banka. Stefnir hf. er rekstraraðili sjóðsins í samræmi við lög nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og ber að sinna þeim skyldum í tengslum við umsýslu sjóðsins sem þar er kveðið á um. Fyrir það greiðir útgefandi Stefni þóknun eins og hún er ákveðin í reglum útgefanda sem felst í umsýsluþóknun rekstraraðila og breytanlegri þóknun. Rekstraraðili skipar sjóðnum sjóðstjóra og staðgengil hans og eru þeir starfsmenn Stefnis.

Bankinn er mótaðili sjóðsins vegna allra eigna sjóðsins. Um er að ræða skuldabréf sem er útgefið af Arion banka og afleiðusamningur þar sem Arion banki hf. er mótaðili sjóðsins. Þessum eignum er lýst ítarlega í kafla 4.2 „Helstu skilmálar í tengslum við skuldbindingar við mótaðila“. Jafnframt á útgefandi innstæður í bandaríkjadólar á innlánsreikningi í Arion banka hf.

Rekstraraðili hefur útvistað vörslu fjármálagerninga, uppgjóri viðskipta og fleiri verkefnum til Arion banka hf. á grundvelli heimildar til slíks skv. 29. gr. laga nr. 45/2020. Samkvæmt 31. gr. laga nr. 45/2020, hefur útvistun verkefna engin áhrif á ábyrgð rekstraraðila gagnvart útgefanda. Stefnir hf. getur einn tekið ákvörðun um að skipta um vörsluaðila sjóðsins og er slík ákvörðun háð samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (hér eftir „Fjármálaeftirlitið“). Að öðru leyti vísast til um skyldur Stefnis gagnvart útgefanda til reglna útgefanda en til þeirra er vísað í kafla 5.1 „Skjöl til sýnis, skjöl felld inn með tilvísun og aðgangur að lýsingu“ og laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Stefnir hf. hefur útvistað eftirfarandi verkefnum til Arion banka, með samþykki Fjármálaeftirlitsins, samkvæmt 29. gr., laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

- Útvistun bókhalds- og uppgjörspjónustu
- Útvistun starfsmannaþjónustu
- Útvistun tiltekinna verkefna til viðskiptabankasviðs (þ.m.t. dreifing með rafrænum miðlum)
- Útvistun tiltekinna verkefna til viðskiptaumsjónar
- Útvistun lögfræðiþjónustu

Þá hefur eftirfarandi útvistun verkefna verið samþykkt af Fjármálaeftirlitinu skv. viðeigandi lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem skilgreind er sem mikilvæg þjónusta:

- Útvistun innri endurskoðunar
- Útvistun upplýsingatækniþjónustu.

- Útvistun regluvörslu (þ.m.t. persónuvernd og aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka).

Stefnir hf. yfirfer þjónustu útvistunaraðila með reglubundnum hætti, sbr. 4. mgr. 22. gr. laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði. Samkvæmt 24. gr. laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði hefur útvistun á framangreindum lögbundnum verkefnum rekstraraðila engin áhrif á skyldur eða ábyrgð Stefnis hf. gagnvart sjóðnum eða fjárfestum. Ekki er hægt að útiloka að upp geti komið hagsmunaárekstrar við störf Arion banka sem vörsluaðila sjóðsins, t.d. hefur verið skilgreind sem möguleg áhætta; áhrif á ákvarðanir, misnotkun á trúnaðarupplýsingum og einhliða ákvarðanir vörslufélags. Stefni hefur verið sett stefna um hagsmunaárekstra og skráir hagsmunaárekstra sem upp kunna að koma á þar til gert yfirlit. Dregið er verulega úr hættu á hagsmunaárekstrum með greiningu hagsmunaárekstra og virku eftirliti. Þjónusta útvistunaraðila er yfirfarin reglulega með endurskoðun útvistunarsamninga. Útvistun Stefnis á verkefnum hefur ekki áhrif á skyldur eða ábyrgð Stefnis gagnvart sjóðnum eða fjárfestum hans. Stefnir getur hvenær sem er slitið útvistunarsamningum þjóni þeir ekki lengur hagsmunum hlutdeildarskírteinishafa að mati Stefnis. Jafnframt er vísað til fyrri umfjöllunar hér um hagsmunaárekstra almennt.

Einnig er vísað til kafla 5.3 „Hugsanlegir hagsmunaárekstrar” í verðbréfalýsingu þessari.

#### 4.1.4 J.P. Morgan SE

Lögformlegt heiti og viðskiptaheiti:	J.P. Morgan SE
Skráningarnúmer:	HRB 126056
Lögheimili:	Taunustor 1 (TaunusTurm) 60310 Frankfurt am Main
Skráningarland:	Þýskaland
Félagafarm:	Evrópskt hlutafélag
Stofndagur:	22. nóvember 2022

J.P. Morgan SE varð til við sameiningu J.P. Morgan Bank Luxembourg S.A. og J.P. Morgan bank Ireland plc við þýska fyrirtækið J.P. Morgan AG þann 22. janúar 2022. Í kjölfar sameiningarinnar var félaginu breytt í evrópskt hlutafélag (e. European company) og nafn félagsins varð J.P Morgan SE. JPM er með bankaleyfi í samræmi við 1. mgr. 1. gr. þýsku bankalaganna (e: The German Banking Act) og er undir eftirliti Evrópska Seðlabankans og þýska fjármálaeftirlitsins (Bundesanstalt für Finanzdienstleistungsaufsicht – BaFin). Skráð skrifstofa félagsins er í Frankfurt, Þýskalandi.

J. P. Morgan SE (JPM) gaf út almenna útgefandalýsingu (e. registration document) þann 31. maí. 2024 í samræmi við kröfur reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 frá 14. júní 2017 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, með síðari breytingum og í samræmi við 7. gr. og viðauka 6 í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnar (ESB) 2019/980 frá 14. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EBS) 2017/1129 er því er varðar sniðmát, efni, athugun og staðfestingu lýsinga sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Útgefandalýsingin var staðfest að þýska fjármálaeftirlitinu

(Bundesanstalt für Finanzdienstleistungsaufsicht - BaFin).

Almennu útgefendalýsinguna fyrir JPM dags 31. maí 2024 er felld inn í lýsingu þessa með tilvísun skv. kafla 5.1. „Skjöl til sýnis, skjöl felld inn með tilvísun og aðgangur að lýsingu“ og með vísan til 1. mgr. 19. gr. lýsingarreglugerðarinnar.

## 4.2 Helstu skilmálar í tengslum við skuldbindingar við mótaðila

### 4.2.1 Almenn skuldabréf útgefin af Arion banka hf.

Stærsta eign sjóðsins er skuldabréf gefið út af Arion banka. Skuldabréfið er gefið út undir €3,000,000,000 Euro Medium Term Note Programme, dags., 16. október 2023, ásamt viðauka sem gefinn var út þann 2. maí 2024 og 19. ágúst 2024, sem saman mynda grunnlýsingu (hér eftir „**EMTN skuldabréfarammi**“)³. Á grundvelli EMTN skuldabréfarammans voru gefnir út endanlegir skilmálar (e. Final Terms) skuldabréfsins þann 17. maí 2024 með heitið ARION 27 1217 (hér eftir „**endanlegir skilmálar**“)⁴, með útgáfumynt í bandaríkjadollurum, að fjárhæð USD 20.512.000. Lokagjalddagi skuldabréfanna er þann 17. desember 2027. Engar tryggingar eru settar til tryggingar skuldabréfsins.

Hér að neðan kemur fram útdráttur úr endanlegum skilmálum skuldabréfanna (e. Notes) og skulu þeir lesnir saman með EMTN skuldabréfarammanum til þess að afla fullnægjandi upplýsinga um skuldabréfið. EMTN skuldabréfaramminn, eins og hann er á hverjum tíma og er birtur á vefsíðu Arion banka auk endanlega skilmála eru skjöl sem eru felld inn með tilvísun skv. kafla 5.1. „Skjöl til sýnis, skjöl felld inn með tilvísun og aðgangur að lýsingu“ og með vísan til 1. mgr. 19. gr. lýsingarreglugerðarinnar. Ensk heiti eins og þau koma fram hér að neðan skal lesa með tilliti til skilgreininga í EMTN skuldabréfarammanum.

Nafn, kennitala og aðsetur útgefanda:	Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.
LEI kóði:	RIL4VBPDB0M7Z3KXSF19
ISIN nr.	IS0000036382
Auðkenni:	Arion 27 1217
Tegund skuldabréfs:	Almenn skuldabréf (Senior Preferred)
Tegund afborgana:	Eingreiðslubréf með vöxtum
Raðnúmer útgáfu ( e. Series number)	38
Hluti útgáfu (e. Tranche)	1
Gjaldmiðil	USD
Nafnverðseiningar:	USD 1
Heildarfjárhæð útgáfu:	USD 20.512.000
Útgáfuverð (e. Aggregate Nominal Amount )	100% af Heildarfjárhæð útgáfu
Útgáfudagur (e. Issue Date):	17. maí 2027
Lokagjalddagi (e, Maturity Date):	17. desember 2027

<sup>3</sup> <https://wwwv2.arionbanki.is/bankinn/fjarfestatengsl/skuldabrefafjarfestar/fjarmognun-og-utgafulyising/#Tab1>

<sup>4</sup> <https://wwwv2.arionbanki.is/library/skrar/Bankinn/Fjarfestatengsl/Adrar-langtimaskuldir/EMTN/Endanlegir-skilmalar---Final-terms/Arion%20Bank%20-%20Final%20Terms%20-%20IS0000036382.pdf>

Fyrsti gjalddagi höfuðstóls:

17. desember 2027

Fjöldi gjalddaga í heild:

Einn gjalddagi, aðeins við lokagjalddaga höfuðsstóls.

Heildarheimild útgáfu:

20.512.000 USD

Útgefið nú:

20.512.000 USD

Vextir (e. Interest Basis):

6,25 % Fastir vextir (Fixed Rate)

Endurgreiðsla (e.

Redemption/Payment)

Skuldabréfin verða endurgreidd á lokagjalddaga með greiðslu 100% höfuðstóls (auk vaxta sem lagðir hafa verið á höfuðstól skuldabréfsins í samræmi við skilmála bréfanna) auk áfallinna vaxta fram að síðasta vaxtagjalddaga lánsins

Vaxtagjaddagar (e. Interest Payment Date(s)):

17. maí 2025, 17. maí 2026, 17. maí 2027 og lokagjalddaga sem er 17. desember 2027.

Þrátt fyrir ákvæði (Condition) 4.1, skal fjárhæð sem greiðast á gjalddögum skuldabréfsins þann 17. maí 2025, 17. maí 2026, 17. maí 2027 ekki greiðast til skuldabréfaeigenda í reiðufé heldur er henni bætt á höfuðstól lánsins þannig að höfuðstólsfjárhæð lánsins hækkar í samræmi við vaxtagreiðsluna og mun aukin höfuðstólsfjárhæð skiptast í hlutfallsega (e. Pro rata) milli nafnverðseininga skuldabréfanna sem er í eigu skuldabréfaeigenda.

Áfallnir vextir skuldabréfanna frá og með 17. maí 2027 til (og ekki með) lokagjalddaga, eða í því tilfalli sem skuldabréfin hafa verið endurgreidd fyrir, frá (og með) síðasta vaxtagjalddaga (eða útgáfudegi sé það tilfallið) til þess dags sem skuldabréfin eru endurgreidd, í þeim tilfellum sem vextir hafa ekki verið færðir á höfuðstól lánsins, skulu vextir greiðast í reiðufé á lokagjalddaga, eða fyrir ef endurgreiðsla á sér stað fyrir.

Aðrar upplýsingar:

Hver og einn þeirra aðila sem á hverjum tíma eru skráðir eigendur þeirra skuldabréfa sem hér lýst í skilmálum þessum, telst, með handhöfn sinni og eignarhaldi sínu á skuldabréfunum, hafa veitt útgefanda og eftir atvikum umboðsmanni skuldabréfaeiganda heimild til að óska hvenær sem er eftir og móttaka upplýsingar um sig sem skráðan eiganda skuldabréfanna frá Nasdaq verðbréfamistöð hf. og/eða viðeigandi reikningsstofnunum þar sem skuldabréfin eru geymd á vörslureikningum.

Útgáfuform

Skuldabréfin eru gefin út rafrænt hjá verðbréfamistöð á Íslandi, Nasdaq Iceland

Lánshæfismat

Arion banki er með lánshæfismat, einkunn A3 Moodys frá 3. júlí 2024 (stöðugar)

Nánari upplýsingar um skuldabréfin er að finna í EMTN skuldabréfarammanum eins og hann er frá einum tíma til annars auk endanlegra skilmála skuldabréfsins ARION 27 1217 og vísað er til í kafla 5.1 „Skjöl til sýnis, skjöl felld inn með tilvísun og aðgangur að lýsingu” og er hann órjúfanlegur hluti skilmála bréfsins. Í EMTN skuldabréfarammanum er fjallað m.a. með ítarlegum hætti um Arion banka hf. m.a. starfsemi, fjármál, fjármögnun og áhættuþætti, áhættuþætti þegar kemur að skuldabréfunnum, skilmála skuldabréfanna, skuldaröð, gjaldfellingarákvæði og fjármálamarkaði á Íslandi.

SEL I hs. keypti öll skuldabréfin í flokki ARION 27 1217. Ekki eru viðskipti með skuldabréfin á skipulegum markaði eða jafngildum markaði þriðja lands eða vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Greiði Arion banki ekki skuldabréfið í samræmi við skilmála þess mun það hafa verulega neikvæð áhrif á greiðslugetu SEL I hs. Gert er ráð fyrir að skuldabréfið útgefið af Arion banka eigi að standa undir greiðslu á 85% af höfuðstól SEL1 27 12 og verði greiðslufall að hálfu Arion banka mun sjóðurinn ekki geta staðið við skuldbindingar sínar skv. skilmálum SEL1 27 12.

#### 4.2.2 Afleiðusamningur

Önnur stærsta eign sjóðsins er OTC-valréttur sem Arion banki hafði milligöngu um kaup á f.h. sjóðsins af JPM á grundvelli samnings milli SEL I, Stefnis f.h. SEL I og Arion banka um viðskipti með OTC-valrétt, dags. 10. maí 2024 (hér eftir „**samningurinn**“). Samkvæmt samningnum er bankinn skuldbundinn til að gera afleiðusamning við JPM (hér eftir „**afleiðusamningurinn**“) og ráðstafa uppgjörsgreiðslu vegna afleiðunnar til útgefanda á uppgjörsgreigi. Greiðsluskylda Arion banka til sjóðsins takmarkast við þær greiðslur sem sannanlega berast bankanum frá JPM samkvæmt afleiðusamningnum. Afleiðusamningurinn samanstendur af endanlegum skilmálum viðskiptanna auk ISDA skilmála<sup>5</sup> milli bankans og JPM.

Afleiðusamningurinn kveður á um kauprétt á MSCI World Index vísitölu í bandaríkjadólar á uppgjörsgreigi. Kauprétturinn er með asískum hala sem hefur það í för með sér að endagengi kaupréttarins ræðst af meðaltali gengis MSCI World Index miðað við nokkrar dagsetningar, eða dagana 17. september 2027, 15. október 2027, 19. nóvember 2027 og 17. desember 2027. Kauprétturinn var keyptur á pari (e. at-the-money), þ.e. viðmiðunargengi afleiðusamningsins var það sama og gengi undirliggjandi vísitölu (MSCI World Index) á sama degi eða 3419,923.

Viðmiðunardagsetning kaupréttarins var 10. maí 2024 og samningurinn verður gerður upp þann 17. desember 2027 og greiðsludagur er 21. desember 2027. Samningurinn verður greiddur út í bandaríkjadólar (e. cash settlement). Líkt og að framan greinir ber Arion banka að ráðstafa þeim greiðslum sem berast frá JPM vegna kaupréttarins beint til sjóðsins.

MSCI World Index vísitalan (Bloomberg auðkenni: MXWO) tekur mið af stórum og miðlungsstórum félögum sem skráð eru á markað í 23 þróuðum löndum og nær vísitalan til um það bil 85% af markaðsvirði félaga í hverju landi að teknu tilliti til hluta sem eru í frjálsu floti. Upplýsingar um MSCI World Index vísitöluna er að finna hér: <https://www.msci.com/our-solutions/indexes/developed-markets>. Þróun hennar má finna hér: [https://app2.msci.com/products/index-data-search/regional\\_chart.jsp?asOf=26/Jul/2024&size=Standard%20\(Large%2BMid%20Cap\)&scope=R&style=None&currency=USD&priceLevel=STRD&indexId=990100&indexName=WORLD&s](https://app2.msci.com/products/index-data-search/regional_chart.jsp?asOf=26/Jul/2024&size=Standard%20(Large%2BMid%20Cap)&scope=R&style=None&currency=USD&priceLevel=STRD&indexId=990100&indexName=WORLD&s)

<sup>5</sup> ISDA skilmálar eru skilmálar sem gilda um afleiðuviðskipti milli tveggja aðila og hafa það að markmiði að auka gagnsæi og seljanleika á OTC samningum..

uite=C. MSCI World Index vísitalan er birt á Bloomberg gagnaveitunni undir auðkenningu MXWO.

Bankinn hefur skyldu gagnvart útgefanda að framkvæma fyriræli sjóðsins í tengslum við afleiðuna og ganga frá uppgjöri viðskipta í samvinnu við sjóðinn. Í því felst meðal annars að greiða Premium greiðslu á Premium greiðsludegi og ráðstafa uppgjörsgreiðslu til sjóðsins á uppgjörsgreiddi. Premium greiðsla er greiðsla til JPM fyrir afleiðuna.

SEL I veitti yfirlýsingar til Arion banka í tengslum við samningsgerðina þar sem fram kemur m.a.:

- a) Að sjóðnum sé kunnugt um að afleiðuviðskipti sem þessi fela í sér áhættu fyrir sjóðinn og óvíst sé að virði afleiðunnar fái að fullu greitt.
- b) Að honum sé kunnugt um að sjóðurinn beri alla áhættu á því að JPM standi ekki skil á greiðslu til bankans samkvæmt afleiðusamningnum, líkt og hann væri sjálfur mótaðili JPM samkvæmt afleiðusamningnum.
- c) Að sjóðurinn muni ekki hafa uppi kröfur gagnvart bankanum berist bankanum ekki greiðslur frá JPM eða frá þeim viðskiptabanka sem heldur á tryggingum samkvæmt afleiðusamningnum. Komi til vanefnda JPM og vanefndaákvæði afleiðusamningsins virkjast þá skal bankinn leitast við að tryggja að SEL I verði eins settur og hann væri sjálfur mótaðili afleiðusamningsins og hefur sjóðurinn heimild til að hafa uppi kröfur gagnvart bankanum því tengdu.
- d) Að sjóðurinn tryggi skaðleysi bankans gagnvart kröfum JPM samkvæmt afleiðusamningnum.

Þá er kveðið á um að ábyrgðartakmörkun Arion banka og þar kemur fram að Arion banki ber ekki ábyrgð á að uppgjörsgreiðsla berist frá JPM, þeirri fjárhagslegu áhættu sem fylgir fjárfestingu sjóðsins í afleiðunni eða endanlegs eiganda afleiðunnar, eða ábyrgð á tjóni sem kann að verða vegna athafna bankans eða athafnaleyssi nema tjóninu sé valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi sem og óbeinu tjóni sem hljóttast kann að af athöfnum hans eða athafnaleyssi.

Krafa SEL I samkvæmt samningnum er ekki tryggð og sjóðurinn getur ekki gengið beint að tryggingum hjá Arion eða JPM. Komi til vanefnda af hálfu JPM ber Arion banka samkvæmt samningnum, í samvinnu við og að höfðu samráði við sjóðinn að ganga á eftir greiðslum frá JPM, þ.m.t. lýsa kröfu við slitameðferð. Sjóðurinn ber kostnað af slíkri innheimtu. Arion, SEL I og Stefnir munu þá leitast við að tryggja að sjóðurinn verði eins settur og hann væri sjálfur mótaðili afleiðusamningsins, t.d. með framsali kröfu á hendur JPM.

Aðrir skilmálar sem gilda um viðskiptin eru skilmálar Arion banka um afleiðuviðskipti og verðbréfaeðlán sem og Almennir markaðsskilmálar bankans. Ef misræmi er á milli skilmála samningsins og fyrrgreindra skilmála gilda skilmálar samningsins. Sjóðurinn greiðir Arion banka þóknun skv. samningnum og skal jafnframt greiða allan útlagðan kostnað sem leiðir af afleiðusamningnum milli bankans og JPM. Samningurinn fer eftir íslenskum lögum og skal reka mál út af samningnum fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

## 5. Tilkyning til fjárfesta

Verðbréfalýsing þessi dagsett 1. nóvember 2024 er hluti af lýsingu útgefanda sem varðar beiðni útgefanda um töku skuldabréfa sem gefin er út af útgefanda, í floknum SEL1 27 12, til viðskipta á First North markaði Nasdaq Iceland. Lýsing þessi er á íslensku og samanstendur af þremur aðskildum skjölum; útgefandalýsingu dagsettri sama dag og verðbréfalýsingu þessari og samantekt. Lýsingin er útbúin af fyrirtækjaráðgjöf Arion banka og byggir alfarið á gögnum frá útgefanda og mótaðilum útgefanda. .

Framangreint fer fram í samræmi við íslensk lög og reglugerðir, meðal annars lög nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga, lög nr. 14/2020, um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði (hér eftir „lög um lýsingar“) og reglugerð nr. 274/2020 um innleiðingu framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/980 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 að því er varðar sniðmát, efni, athugun og staðfestingu lýsinga sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði (hér eftir „lýsingarreglugerð“). Verðbréfalýsingin fylgir ákvæðum um upplýsingagjöf í lýsingum skv. viðaukum 14 og 19 við framselda reglugerð (ESB) nr. 2019/980. Viðauki 14 er vegna verðbréfalýsingar fyrir verðbréf sem ekki er hlutabréfatengd og eru fyrir almenna fjárfesta og viðauki 19 fyrir eignavarin bréf. Jafnframt er lýsingin útbúin með hliðsjón af First North Iceland Fixed Income Rulebook (“reglur First North”) sem gefnar voru út af Nasdaq Iceland, 1. janúar 2024.

Lýsingin hefur verið yfirfarin og staðfest af Fjármálaeftirlitinu, sem lögbærur yfirvaldi í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/1129, um lýsingu sem birta skal við almenn útboð verðbréfa eða vegna töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

Fjármálaeftirlitið staðfestir aðeins viðkomandi lýsingu í þeim skilningi að hún uppfylli þær kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/1129. Ekki ber að líta á slíka staðfestingu sem staðfestingu á gæðum verðbréfanna sem viðkomandi lýsing varðar. Fjárfestar skulu meta sjálfir hvort þeim henti að fjárfesta í verðbréfum sem lýst er í verðbréfalýsingu þessari. Lýsingin er á íslensku og samanstendur af þremur aðskildum skjölum; verðbréfalýsingu þessari, og útgefandalýsingu dagsettri 1. nóvember 2024 og samantekt.

Lýsingin inniheldur þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar fjárfestum til þess að þeir geti metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur útgefanda sem og þau réttindi sem fylgja skuldabréfum í flokki SEL 27 12. Fjárfestum er bent á að fjárfesting í skuldabréfum felur í sér áhættu og áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu í skuldabréfunum ættu fjárfestar að fara yfir allar upplýsingar í lýsingunni. Fjárfestum er sér í lagi ráðlagt að kynna sér þá áhættu- og óvissupætti sem geta haft veruleg áhrif á útgefanda og virði skuldabréfanna, en þeim er lýst í 1. kafla „Áhættupættir“ í verðbréfalýsingu þessari og 1. Kafla „Áhættupættir“ í útgefandalýsingu SEL I dagsettri 1. nóvember 2024. Fjárfestum er bent á að gera sjálfstæðar kannanir á þeim þáttum sem sérstaklega geta átt við fjárfestingu þeirra í skuldabréfunum. Hver fjárfestir verður að byggja ákvörðun um fjárfestingu í skuldabréfunum á eigin athugunum og greiningu á þeim upplýsingum sem fram koma í lýsingunni. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum, verðbréfafyrirtækjum og sparisjóðum, til aðstoðar við mat á skuldabréfunum sem fjárfestingakosti. Fjárfestum er einnig ráðlagt að kynna sér eigin réttarstöðu, þ.m.t. skattaleg atriði sem kunna að snerta fjárfestingu þeirra í skuldabréfunum og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti.

Verðbréfalýsingunni eða öðrum skjölum sem tilheyra lýsingu útgefanda dagsettri 1. nóvember



2024 skal ekki dreifa, senda eða miðla á annan hátt til landa eða í löndum þar sem birting krefst frekari skráningaraðgerða eða annarra aðgerða en þeirra sem íslensk lög og reglugerðir krefjast eða þar sem slíkt bryti í bága við lög eða reglugerðir í viðkomandi landi.

Í sumum lögsagnarumdæmum kunna lög að setja skorður við dreifingu verðbréfalýsingarinnar eða annarra skjala sem tilheyra lýsingu útgefanda dagsettri 1. nóvember 2024. Því gerir útgefandi kröfu um að allir viðtakendur kynni sér og hagi athöfnum sínum í samræmi við slík lög og skorður. Útgefandi og Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hf., (hér eftir „Fyrirtækjaráðgjöf“), sem er umsjónaraðili með töku skuldabréfa SEL I til viðskipta á First North markaði Nasdaq Iceland eru ekki skaðabótaskyld vegna dreifingar þriðja aðila á verðbréfalýsingunni eða öðrum skjölum sem tilheyra lýsingu útgefanda dagsettri 1. nóvember 2024 í neinni lögsögu. Fjárfesting í skuldabréfunum hæfir ekki öllum fjárfestum.

Allir sem fjárfesta í skuldabréfunum verða að meta hentugleika fjárfestingarinnar út frá eigin aðstæðum. Útgefandi minnir fjárfesta á að viðskipti með skuldabréfið kann að krefjast tilhlýðileikamats eins og því er lýst í 45. gr laga nr. 115/2021 um lög um markaði fyrir fjármálagerninga. Sér í lagi ættu allir fjárfestar að:

- a) Búa yfir nægilegri þekkingu og reynslu til að leggja marktækt mat á skuldabréfin.
- b) Skilja mismunandi eiginleika skuldabréfa sem fjárfestingarkosts og skilja kosti og galla þess að fjárfesta í skuldabréfum.
- c) Kynna sér vel og skilja allar upplýsingar í lýsingu útgefanda sem er dagsett 1. nóvember 2024. og samanstendur af verðbréfalýsingu þessari, útgefandalýsingu dagsettri 1. nóvember 2024 og samantekt.
- d) Hafa aðgang að og búa yfir þekkingu á viðeigandi greiningartækjum til að meta, út frá eigin fjárhag, fjárfestingu í skuldabréfunum og áhrifin sem slík fjárfesting hefði á fjárfestingasafn viðkomandi.
- e) Hafa nægilega sterka fjárhags- og lausafjárstöðu til að geta staðið undir þeirri áhættu sem er samfara fjárfestingu í skuldabréfunum.
- f) Vera í stakk búnir til að bera þá áhættu sem tengist skuldabréfunum og hafa fullan skilning á þeim skilmálum sem gilda um bréfin og geta metið (hvort sem er sjálfstætt eða með aðstoð fjármálaráðgjafa) mögulega þróun efnahags-, vaxta-, gjaldmiðla og annarra þátta sem kunna að hafa áhrif á fjárfestinguna.

## 5.1 Skjöl til sýnis, skjöl felld inn með tilvísun og aðgangur að lýsingu

Lýsing útgefanda samanstendur af þremur skjölum verðbréfalýsingu þessari, útgefandalýsingu dagsettri sama dag og verðbréfalýsingin þessi og samantekt og eftir atvikum viðaukum sem kunna að vera gerðir í samræmi við 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Upplýsingar í lýsingunni byggja á aðstæðum og staðreyndum á þeim degi sem lýsingin er undirrituð. Lýsingin er í gildi í 12 mánuði frá staðfestingu og á þeim tíma, munu eftirfarandi skjöl vera til sýnis með rafrænum hætti á vefsíðu útgefanda: [https://www.stefnir.is/sjodir/#skradir\\_fjarmalagerningar](https://www.stefnir.is/sjodir/#skradir_fjarmalagerningar). Til viðbótar verða öll gögn sem eru felld inn með tilvísun aðgengileg með rafrænum hætti í 10 ár eftir útgáfu lýsingarinnar á sömu vefsíðu.

### Skjöl til sýnis

- Reglur SEL I hs. Samþykktar 4. apríl 2024, með breytingum gerðum 8. maí 2024
- Útgefandalýsingu útgefanda dagsett og undirrituð 1. nóvember 2024
- Verðbréfalýsing útgefanda dagsett og undirrituð 1. nóvember 2024
- Endurskoðaður árshlutareikningur 1.1.2024 -30.09.2024

### Skjöl felld inn með tilvísun

Eftirfarandi skjöl eru felld með tilvísun inn í lýsinguna og skoðast sem órjúfanlegur hluti af lýsingunni.

### Skjöl felld inn með tilvísun

- €3,000,000,000 Euro Medium Term Note Programme útgefin af Arion banka hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík (einnig „bankinn“) þann 16. október 2023, vefslóð: <https://wwwv2.arionbanki.is/library/skrar/Bankinn/Fjarfestatengsl/Adrar-langtimaskuldir/EMTN/utgafulyising---Programme-Documents/Arion%20Bank's%20EMTN%20Base%20Prospectus%202023.pdf> ásamt viðauka sem gefinn var út þann 2. maí 2024 og viðauka sem gefinn var út þann 19. ágúst 2024 sem saman mynda grunnútgáfu skuldabréfa. Vefslóð viðauka frá 2. maí 2024: <https://www.arionbanki.is/library/skrar/Bankinn/Fjarfestatengsl/Adrar-langtimaskuldir/EMTN/utgafulyising---Programme-Documents/Arion%20Bank%20-%20EMTN%20Prospectus%20Supplement%20-%20Q2%202024.pdf> og vefslóð viðauka frá 19. ágúst 2024: <https://www.arionbanki.is/library/skrar/Bankinn/Fjarfestatengsl/Adrar-langtimaskuldir/EMTN/utgafulyising---Programme-Documents/Arion%20Bank%20-%20EMTN%20Prospectus%20Supplement%20-%20Q2%202024.pdf> Saman nefnast ofangreind skjöl ásamt þeim breytingum sem gerðar eru á hverjum tíma og birtar eru á vefsvæði Arion banka: <https://wwwv2.arionbanki.is/bankinn/fjarfestatengsl/skuldabrefafjarfestar/fjarmognun-og-utgafulyising/#Tab1> „EMTN skuldabréfaramminn“.
- Endanlegir skilmálar (e. Applicable Final Terms) ARION 27 1217 með útgáfudag þann 17. maí 2024 en endanlegir skilmálar eru gefnir út á grundvelli EMTN skuldabréfarammans. Endanlegir skilmálar eru birtir hér: <https://wwwv2.arionbanki.is/library/skrar/Bankinn/Fjarfestatengsl/Adrar-langtimaskuldir/EMTN/Endanlegir-skilmalar---Final-terms/Arion%20Bank%20-%20Final%20Terms%20-%20IS0000036382.pdf>.
- Almenn útgefandalýsing (e. registration document) útgefið af J.P. Morgan SE þann 31. maí 2024 [https://www.jpmorgan-zertifikate.de/globalassets/library/legal-documents/items/fp-fp/240531\\_jpmse\\_rd\\_2024\\_sv3.pdf](https://www.jpmorgan-zertifikate.de/globalassets/library/legal-documents/items/fp-fp/240531_jpmse_rd_2024_sv3.pdf) ásamt síðari viðaukum sem munu birtast á eftirfarandi vefsíðu <https://www.jpmorgan-zertifikate.de/Dokumente/Basisprospekte/> .
- Endurskoðaður árshlutareikningur 10.5.2024-30.09.2024, dagsettur 14. október 2024. Sjá hér: [https://www.stefnir.is/library/Skrar/Sjodir/SEL-1-hs/2024%20-%20c3%81rshlutareikningur%20SEL%20I%20hs.%2030.%20september%20-%20Copy%20\(1\).pdf](https://www.stefnir.is/library/Skrar/Sjodir/SEL-1-hs/2024%20-%20c3%81rshlutareikningur%20SEL%20I%20hs.%2030.%20september%20-%20Copy%20(1).pdf)

## 5.2 Umsjónaraðili útgáfunnar og töku skuldabréfanna til viðskipta

Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka er umsjónaraðili með töku skuldabréfa í flokki SEL1 27 12 til viðskipta á First North markaði Nasdaq Iceland.

Jafnframt hefur fyrirtækjaráðgjöf Arion banka unnið að gerð samantektar, útgefandalýsingar og verðbréfalýsingar þessarar sem dagsett er 1. nóvember 2024 í samráði við útgefanda og rekstraraðila útgefanda og eru þessi gögn byggð á upplýsingum frá útgefanda. Samskiptaupplýsingar Arion banka eru eftirfarandi: arionbanki@arionbanki.is, s. 444-7000 og LEI númer: RIL4VBPDB0M7Z3KXSF19

Stefnir hf. er rekstraraðili útgefanda og annast fjárfestingar útgefanda ásamt því að sjá um útgáfu skuldabréfa í flokki SEL1 27 12, skv. reglum sjóðsins. Samskiptaupplýsingar Stefnis hf. eru eftirfarandi: [info@stefnir.is](mailto:info@stefnir.is), símanúmer 444-7400 og LEI númer: 254900MECQ6FKISOVJ40.

### 5.3 Hugsanlegir hagsmunaaðrekstrar

Athygli fjárfesta er vakin á hagsmunum útgefanda, Stefnis hf. og Arion banka vegna töku skuldabréfa SEL I hs. til viðskipta á First North markaði Nasdaq Iceland.

Arion banki er eigandi Stefnis hf. Hlutfallslegt eignarhald skiptist milli Arion banka 99,93% og Gen hf. 0,07%. Gen hf. er alfarið í eigu Arion banka hf.

Stefnir er rekstraraðili sjóðsins í samræmi við lög nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og ber að sinna þeim skyldum í tengslum við umsýslu sjóðsins sem þar er kveðið á um. Fyrir það greiðir útgefandi Stefni þóknun eins og hún er ákveðin í reglum útgefanda sem felst í umsýsluþóknun rekstraraðila og breytanlegri þóknun. Rekstraraðili skipar sjóðnum sjóðstjóra og staðgengil hans og eru þeir starfsmenn Stefnis. Arion banki er vörsluaðili sjóðsins og sér um bókhald og innheimtu fyrir sjóði í rekstri Stefni ásamt því sem útvistunarsamningur er milli Stefnis og Arion banka eins og lýst er í kafla 4.1.3 „Tengsl milli útgefanda og mótaðila”.

Í tengslum við töku skuldabréfanna til viðskipta á First North markað Nasdaq Iceland hefur fyrirtækjaráðgjöf Arion banka verið útgefanda til ráðgjafar við gerð lýsingarinnar ásamt því að hafa umsjón með töku skuldabréfanna til viðskipta á First North Nasdaq Iceland. Fyrir það greiðir útgefandi Arion banka hf. þóknun.

Arion banki er viðskiptabanki útgefanda og innstæður sjóðsins eru hjá bankanum.

Arion banki er útgefandi skuldabréfaflokksins ARION 27 1217 sem er stærsta eign sjóðsins við útgáfu verðbréfalýsingarinnar sem lýst er í kafla 4.2.1 „Almenn skuldabréf gefin út af Arion banka hf.”

Arion banki hf. mótaðili SEL I í afleiðusamningi sem lýst er í kafla 4.2.2 „Afleiðusamningur”.

### 5.4 Upplýsingar frá þriðja aðila

Upplýsingar frá útgefanda eru fengnar frá rekstraraðila, útgefanda sjálfum, gögnum sem birt hafa verið af mótaðilum með opinberum hætti og öðrum opinberum gögnum. Upplýsingar um Arion banka hf. er að finna í árs- og sjálfbærnisráðgjöf Arion banka fyrir árið 2023 eða á öðrum stöðum séu þær tilgreindar sérstaklega og vefsvæði bankans <https://www.arionbanki.is/>.

Upplýsingar um MSCI World Index (USD) Index Factsheet er að finna hér: <https://www.msci.com/www/fact-sheet/msci-world-index/05830501> og hér: <https://www.msci.com/our-solutions/indexes/developed-markets>. Þróun hennar má finna hér: [https://app2.msci.com/products/index-data-search/regional\\_chart.jsp?asOf=26/Jul/2024&size=Standard%20\(Large%2BMid%20Cap\)&scope=R&style=None&currency=USD&priceLevel=STRD&indexId=990100&indexName=WORLD&suite=C](https://app2.msci.com/products/index-data-search/regional_chart.jsp?asOf=26/Jul/2024&size=Standard%20(Large%2BMid%20Cap)&scope=R&style=None&currency=USD&priceLevel=STRD&indexId=990100&indexName=WORLD&suite=C). MSCI World Index vísitalan er birt á Bloomberg gagnaveitunni undir auðkenningu MXWO.

Upplýsingar á ofangreindum vefsetrum eru ekki hluti lýsingarinnar nema þær upplýsingar sem felldar eru inn í lýsinguna með tilvísun.

Útgefandinn staðfestir að fyrrgreindar upplýsingar sem stuðst er við gerð lýsingarinnar voru endurgerðar með réttum hætti og, að því marki sem honum er kunnugt um og unnt að staðreyna á grundvelli þeirra upplýsinga sem fyrrgreindir aðilar hafa birt, að engum staðreyndum hafi verið sleppt sem myndu gera upplýsingarnar ónákvæmar eða villandi.

## 5.5 Yfirlýsing ábyrgðaraðila verðbréfalýsingar fyrir hönd útgefanda

Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Stefnis hf., Borgartún 19, kt. 700996-2479, Borgartúni 19, 105 Reykjavík sem gegnir hlutverki rekstraraðila, í samræmi við lög nr. 45/2020, útgefanda SEL I hs., kt. 660424-9970, Borgartúni 19, 105 Reykjavík eru ábyrgir fyrir efni lýsingar þessarar og lýsa því yfir fyrir hönd SELI hs., sem útgefanda, að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar í lýsingunni í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hafi verið sleppt sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 1. nóvember 2024

Fyrir hönd Stefnis hf.

---

Sigrún Ragna Ólafsdóttir , stjórnarformaður

---

Jón Finnbogason, framkvæmdastjóri

## 5.6 Skilgreiningar

Í verðbréfalýsingunni vísa hugtökin;

„afleiðusamningurinn“ afleiðusamnings sem vísað er til í kafla 4.2.2 „Afleiðusamningur“ í verðbréfalýsingu þessari.

„Arion banki“ eða „bankinn“ til Arion banka hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, „EMTN skuldabréfarammi“ vísar til skuldabréfs gefið út af Arion banka. Skuldabréfið er gefið út undir €3,000,000,000 Euro Medium Term Note Programme, dags., 16. október 2023, ásamt viðauka sem gefinn var út þann 2. maí 2024 og viðauka sem gefinn var út þann 19. ágúst 2024, sem saman mynda grunnlýsingu.

„Fjármálaeftirlitið“ til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, Íslandi,

„Fyrirtækjaráðgjöf“, til Fyrirtækjaráðgjafar Arion banka hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105, 101 Reykjavík, Íslandi,

„First North markaður“ er markaðstorg fjármálagerna, samkvæmt skilgreiningu laga nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerna, fyrir skuldabréf sem rekið er af Nasdaq Iceland hf.,

„JPM“ er J.P. Morgan SE Taunustor 1 60310 Frankfurt am Main Germany, skráningarnúmer HRB 126056.

„lýsingin“ til lýsingar SEL I dagsettrar 1. nóvember 2024, sem samanstendur af verðbréfalýsingu þessari, útgefandalýsingu, og samantekt,

„lýsingarreglugerð“ til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2017/1129 frá 14. júní 2017 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB,

„lög um lýsingar“ til laga um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði nr. 14/2020,

„lög um markaði fyrir fjármálagerna“ til laga um markaði fyrir fjármálagerna nr. 115/2021,

„lög um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerna“ til laga um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerna nr. 7/2020,

„MSCI World Index“ til MSCI vísitölu (Bloomberg auðkenni: MXWO) sem er erlend hlutabréfavísitala sem tekur mið af stórum og miðlungsstórum félögum sem skráð eru á markað í 23 þróðu löndum. Vísitalan samanstendur af 1.429 félögum og tekur til um það bil 85% af heildarmarkaðsvirði félaga í hverju landi sem vísitalan nær til, að teknu tillit til hluta sem eru í frjálsu floti á markaði.<sup>6</sup>

---

<sup>6</sup> Vísað er til MSCI Word Index (USD) Index Factsheet <https://www.msci.com/www/fact-sheet/msci-world-index/05830501>. Jafnframt er að finna upplýsingar um MSCI World Index vísitölu finna hér: <https://www.msci.com/our-solutions/indexes/developed-markets>. Þróun hennar má finna hér: [https://app2.msci.com/products/index-data-search/regional\\_chart.jsp?asOf=26/Jul/2024&size=Standard%20\(Large%20Mid%20Cap\)&scope=R&style=None&currency=USD&priceLevel=STRD&indexId=990100&indexName=WORLD&suite=C](https://app2.msci.com/products/index-data-search/regional_chart.jsp?asOf=26/Jul/2024&size=Standard%20(Large%20Mid%20Cap)&scope=R&style=None&currency=USD&priceLevel=STRD&indexId=990100&indexName=WORLD&suite=C). MSCI World Index vísitalan er birt á Bloomberg gagnaveitunni undir auðkenningu MXWO. Upplýsingar á vefsetri eru ekki hluti lýsingarinnar nema þær upplýsingar sem felldar eru inn í lýsinguna með tilvísun.

„Nasdaq verðbréfamiðstöð“ til Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi, kt. 510119-0370, Laugavegi 182, 105 Reykjavík,

„Nasdaq Iceland“ til Kauphallar Íslands hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík,

„OTC-markaður“ viðskipti með á viðskiptavettvangi eins og það er skilgreint skv. lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga. „OTC- samningur“ samningur um fjármálagerninga sem ekki er viðskipti með á viðskiptavettvangi eins og það er skilgreint skv. lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

„OTC- valréttur“ til afleiðusamnings sem ekki er viðskipti með á viðskiptavettvangi eins og það er skilgreint skv. lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

„reglur First North“ til First North Iceland Fixed Income Rulebook, dagsett 1. janúar 2024.

„samningurinn“ til samnings milli SEL I, Stefnis f.h. SEL I og Arion banka um viðskipti með OTC-valrétt, dags. 10. maí 2024,

„SEL1 27 12“, „skuldabréfin“ og „skuldabréfaflokkurinn“ til skuldabréfaflokksins SEL1 27 12 sem gefinn var út af SEL I hs., þann 10.05.2024,

„SEL I“, „útgefandinn“ og „sjóðurinn“ til SEL I hs., kt. 660424-9970, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, Íslandi,

„Stefnir“ og „rekstraraðili“, til Stefnis hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, Íslandi,

„umsjónaraðili“ til Fyrirtækjaráðgjafar Arion banka hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105, 101 Reykjavík, Íslandi,

„útgefandalýsingin“ til útgefandalýsingar dagsettrar 1. nóvember 2024,

„verðbréfalýsingin“ til verðbréfalýsingar útgefanda, dagsettrar 1. nóvember 2024, nema annað

„VS reikningur“ til skrár um lokafærslur reikningseiganda yfir rafbréf hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð,

„vörsluaðili“ til vörsluaðilans Arion banki hf., kt. 540502-2930, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, Íslandi,

nema annað megi skilja af samhenginu eða sé tekið fram í textanum.

Þegar vísað er til laga og reglugerða í verðbréfalýsingunni er vísað til íslenskra laga og reglugerða, með áorðnum breytingum.

## 5.7 Skammstafanir og hugtök

- e. enska
- hf. hlutafélag
- hs. hlutdeildarsjóður
- kr. krónur
- kt. kennitala
- m.a. meðal annars
- m.kr. milljónir króna
- ma.kr. milljarðar króna
- USD bandaríkjadalur



## Undirritunarsíða

F.h. Stefnis hf.  
Sigrún Ragna Ólafsdóttir

F.h. Stefnis hf.  
Jón Finnbogason